

Skólavarðan

KENNARASAMBAND ÍSLANDS VOR 2017



2% 

LAUNAHÆKKUN

MEÐ SÉREIGNARSPARNADI ÍSLANDBANKA



EFNISYFIRLIT

SKÓLAVARÐAN

VOR 2017

1.TBL

Síðutal

- 4 Leiðari
- 6 Breytingar í forystu KÍ
- 7 Styttri og hnitmiðaðri fundir
- 8 Einelti, áreitni og ofbeldi meðal kennara
- 10 Létu drauminn rætast
- 14 Kennarar þurfa að vera áhugasamari um aðstæður á vinnustað
- 16 Þegar börnin hverfa
- 20 Verkefni sem auka víðsýni og efla starfsánægju
- 23 Vekjum sjálf athygli á öflugu skólastarfi
- 24 Kennarar þurfa handleiðslu fyrsta árið
- 26 Snapp og Google sem kennslutæki
- 28 Finnsla leiðin á íslensku
- 29 Geta kennarar sjálfum sér um kennt?
- 32 Fækkun kennara að hluta rakin til lengingar námsins
- 34 Vill fjölga stúlkum í vísindum
- 36 „Matadorpeningar“ horfnir úr bókaútgáfunni
- 38 Hvenær er eitthvað nægilega gott?
- 40 Leikur býr nemendur undir óþekkta framtíð
- 42 Stærsta gjöfin er tónlistin sjálf
- 46 Skóli og menntun fyrir alla
- 49 Hafid þið kíkt í Hönnuhús?
- 50 Nýtt barn, nýr karakter, ný áskorun
- 53 Ný leið í kennslubókaútgáfu
- 54 Kennum kennurum kynja- og jafnréttisfræði
- 55 Að pissa í skóinn sinn
- 56 Félaginn: Kann vel við birtuna og garðastúss sumarsins
- 58 Krossgáta



Létu drauminn rætast

Freyja Dögg Frímansdóttir segir frá því hvernig er að ala upp þrjú ung börn í Lundi í Svíþjóð, en tvö barnanna eru í leikskóla og það þriðja í grunnskóla. Freyja segir fjölskylduna kunna lífinu vel í sænsku samfélagi.



Þegar börnin hverfa

Hér á landi eru tugir eða hundruð barna á skólaaldri sem hingað hafa komið sem flóttamenn eða sótt um hæli. Lítið er fjallað um þennan hóp og áberandi hversu kennarastétlin hefur verið utangarðs þegar slík mál hafa verið til umræðu.



Nýir kennarar þurfa handleiðslu fyrsta árið

Jónína Björk Stefánsdóttir hefur skoðað líðan kennara sem eru að stíga sín fyrstu skref í starfi. Hún segir skorta á að þeir njóti handleiðslu og stuðnings fyrsta árið. Móttaka nýrra kennara þyrfti að vera í fastari skorðum.



Vill fjölga stúlkum í vísindum

Amy O'Tool segir nauðsynlegt að breyta kennsluháttum svo fleiri stúlkur fái áhuga á vísindum. Vísindakonan heimsótti Ísland á fyrirlestraferð sinni um heiminn þar sem hún fjallar um vísindakennslu og mikilvægi þess að nemendur fái að prófa sig áfram.



„Matadorpeningar“ horfnir úr bókaútgáfunni

Eitt fyrsta verk Erlings Ragnars Erlingssonar á Miðlunarsviði Menntamálastofnunar var að afnema kvóta á hversu mikið af námsbókum hver skóli getur pantað. Stofnunin á um milljón bækur á lager og Erling vill efla rafræna útgáfu á næstu árum.



Forsíðumyndin var tekin á lokahátíð Nótunnar 2017 í Hörpu. Myndina tók Styrmir Kári.

Kennarasamband Íslands
Kennarahúsinu
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang: utgafa@ki.is
www.skolavardan.is

Ritstjórar: Aðalbjörn Sigurðsson og Arndís Þorgeirsdóttir
Ábyrgðarmaður: Þórður Á. Hjalttested
Hönnun og umbrot: Kjarninn
Prófaralestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Öflun
Prentun: Oddi

ORÐ ERU ÓDÝR



Þórður Á.
Hjaltested
formaður KÍ

Hún er áhugaverð þversögnin sem birtist í annars vegar orðum og hins vegar gjörðum núverandi stjórnvalda þegar kemur að menntamálum. Orðin eru eitthvað á þá vegu að bæta þurfi samkeppnishæfi þjóðarinnar með því að tryggja landsmönnum eins góða menntun og mögulegt er. Styðja þurfi við bakið á skólum, kennurum og nemendum og tryggja að í kennslu veljist sem allra bestir starfsmenn. Með því sé horft til framtíðar og fjárfest í þekkingu öllum til hagsbóta. Aðeins þannig sé hægt að tryggja að Ísland og Íslendingar skari fram úr á öllum þeim sviðum sem raun ber vitni. Enda viljum við enga afturför – heldur þarf að bæta í og gera betur en nokkru sinni fyrr. Falleg orð sem hljóma skynsamlega og erfitt er að andmæla.

En gjörðirnar eru allt aðrar

Síðustu vikur og mánuði hafa forsvarsmenn háskólanna stigið fram til að benda á að miðað við þá fjármuni sem stjórnvöld ætla í rekstur skólanna á næstu árum þurfi að draga saman seglin, minnka námsframboð, skerða þjónustu og draga úr kennslu. Allt þetta þýði aðeins eitt – skólarnir verða verri en áður þar sem þeir verða að skerða þjónustu. Þvert á það sem talað er um að eigi að gera. Í framhaldsskólanum á að nýta fjárhagslegan ávinning af styttingu náms til stúdentsprófs um eitt ár einhvers staðar allt annars staðar en í skólunum sjálfum. Þetta er gert þvert á fyrri yfirlýsingar. Af þessum völdum þurfa framhaldsskólarnir að halda áfram að spara á næstu árum, eins og þeir hafa verið neyddir til að gera síðustu áratugi. Engin áform virðast heldur uppi um að leggja til hliðar þá stefnu að takmarka aðgengi 25 ára og eldri að námi í framhaldsskólum landsins.

Ef horft er til skólakerfisins í heild þá er beðið eftir að stjórnvöld bregðist við skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem staðfestir enn einu sinni viðvarandi kennaraskort í leikskólunum og yfirvofandi kennaraskort í grunn- og framhaldsskólum. Þar kemur fram svart á hvítu að aðsókn að kennaranámi hefur dregist svo mikið saman síðustu ár að í óefni stefnir. Tíminn til að bregðast við vandanum er núna, en ekki þegar hann er orðinn ennþá stærri. En æpandi þögnin um málið frá yfirvöldum menntamála hjá ríki og sveitarfélögum blæs manni því miður ekki hjartarsýni í brjóst um að vandinn verði leystur. Þegar málið var rætt á nýafstöðnum ársfundi KÍ lagði borgarstjóri höfuðáherslu á að bæta ímynd kennarastéttarinnar. Þannig mætti fjölga nemendum í kennaranámi. Menntamálaráðherra líkti vandanum við hvert annað verk sem menn þyrftu að einhenda sér í að leysa. Því verki kviði hann ekki, málin hefðu „slumpast“

Nú er kominn tími til að efna loforð og styðja við bakið á skólakerfinu og þar með menntun í landinu.

fram að þessu og myndu eflaust gera það áfram. Ábendingum mínum og annarra kennara í salnum, um að lykilverkefni til að snúa þróuninni við væri að bæta kjör og starfsaðstæður kennara, var tekið fálega.

Þó það hafi ekki komið fram í orðum ráðherra og borgarstjóra á ársfundi KÍ er í opinberri umræðu bent ítrekað á að kennarar hafi síðustu misseri notið kjarabóta langt umfram aðrar stéttir. Í framhaldi er gefið í skyn að nú sé komið að öðrum hópum. Með öðrum orðum – kennarar hafi fengið nóg og laun þeirra séu komin á „sinn stað“ þegar þau eru borin saman við aðrar stéttir. Þar birtist þversögnin í þeirri staðreynd að á sama tíma eru kennarar notaðir sem dæmi um vel menntaðan hóp sem býr á mörkum fátæktar, því séu þeir ekki vel giftir dugi laun þeirra ekki til sómasamlegrar framfærslu í landi sem leggur alla þessa áherslu á mikilvægi menntunar. Vissulega hafa kjörin batnað og það talsvert síðustu árin en þar eru kennarar ekki komir á neina endastöð. Halda þarf þeirri vegferð áfram að hækka laun þeirra sérstaklega og við hjá KÍ erum ekkert hrædd við að segja það hvar og hvenær sem er. Rökin fyrir því eru einföld. Kennarar eiga að vera vel launaðir, starfið á að vera eftirsótt og vinnuaðstæðurnar góðar. Þar til þeim markmiðum er náð höldum við baráttu okkar áfram. Á öllum þeim árum sem ég hef starfað fyrir Kennarasambandið hefur enginn mótmælt því að kennarastarfið sé mikilvægt, eða að kjör kennara eigi að vera betri en þau eru. Engu að síður hefur þurft að sækja launahækkanir kennara síðustu misseri af hörku, því þó talað sé fjálglega um að vandinn sé til staðar skortir verulega á að því fylgi aðgerðir.

Við kennarar höfum fyrir löngu fengið nóg af innantómum orðum. Nú er kominn tími til að efna loforð og styðja við bakið á skólakerfinu og þar með menntun í landinu. Kominn er tími til að skapa sátt um kennarastarfið og skólana. Ég fullyrði að taki stjórnvöld á sig rögg og setji menntun í forgang verði fáir til að mótmæla. Látum ekki orðin og loforðin vera innantóm og ódýr.



7 KR.



Með KÍ dælulykli Atlantsolíu fá félagsmenn 7 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins. Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 15 kr. afslátt. Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.Ki.is





Pórhur Árni Hjaltsted, formaður Kennarasambands Íslands.



Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólalastjórafélags Íslands.

BREYTINGAR FRAM UNÐAN Í FORYSTU KÍ

Sjöunda þing Kennarasambands Íslands verður haldið í apríl á næsta ári. Fyrir þingið þurfa allir kjörnir fulltrúar KÍ, þar á meðal formaður, varaformaður og formenn aðildarfélaga, að endurnýja umboð sitt hafi þeir áhuga á að sitja áfram. Tveir þeirra, þau Pórhur Á. Hjaltsted, formaður Kennarasambandsins, og Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólalastjórafélags Íslands, hafa þegar tilkynnt að þau muni ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu.

Pórhur Árni tilkynnti ákvörðun sína í lok ársfundar KÍ í lok mars. Þar rifjaði

hann upp að árið 2011, þegar hann var kosinn formaður Kennarasambandsins, hafi hann lýst þeirri skoðun sinni að hann stefndi á að sitja í tvö kjörtímabil. Þá væri rétt að gefa nýjum formanni, með nýjar áherslur og hugmyndir, tækifæri á að spreyta sig. Kosid verður um nýjan formann KÍ í allsherjaratkvæðagreiðslu í lok þessa árs, en nýr formaður mun taka formlega við á þingi KÍ í apríl á næsta ári.

Svanhildur María Ólafsdóttir tilkynnti félagsmönnum Skólalastjórafélags Íslands að hún hygðist stíga til hliðar í rafrænu

fréttabréfi sem sent var félagsmönnum SÍ í lok mars. Svanhildur, sem kjörin var formaður SÍ árið 2011, segir í fréttabréfinu: „Síðustu sjö ár hafa verið afar gefandi og lærdómsríkur tími með fullt af áhugaverðum og krefjandi verkefnum en nú er mál að linni og því mun ég ekki gefa kost á mér til áframhaldandi formennsku.“

Aðalfundur Skólalastjórafélagsins verður haldinn 14. október næstkomandi og þar verður ný forysta félagsins kosin.

MÁLFRÍÐUR NÝJUNG Á SKÓLAVÖRÐUVEFNUM

STÍL – Samtök tungumálakennara eru komin í samstarf við vef Skólavörðunnar (skolavardan.is). Samstarfið felst í því að greinar sem hafa birst í Málfríði, tímariti samtakanna, verður að finna á vef Skólavörðunnar undir undir stíku merktu Málfríði. Þá munu nýjar greinar á vegum STÍL verða birtar á næstu mánuðum og misserum.

Ritstjórn Málfríðar hefur umsjón með greinaskrifunum áfram í samstarfi við útgáfusvið KÍ.

Skólavörðan vefinnar um skóla- og menntamál

Deilissu Raddir Fretir Málfríður Vísir

Stutt

Leskrókur í álfakastala
Nemendur og kennarar í Nvannakóla unna heilbrigði af álfþrenu.

Lesu önn

Sinninn settur til bíðar í frimínúturnum

Þarf að vera skólam að kostnaðarlausu

Tölvustutt tungumálanám á framhaldsskólalastigi – tæknin sem stuðningstæki
Magdala Blak Sigmundsdóttir skrifar um rannsókn sem hún gerði á vísu tæknivæðingar í lesandi og þversögð kennarar sjá hana. Niðurstöðurnar sýni Magdala Blak í M.É. útgerð við Háskóla Íslands.



Gunnar Jónatansson hjá IBT leiðbeinir félagsmönnum KÍ við að stytta fundi í félagsstarfi og skólastarfi, gera þá markvissari og tryggja að allir fundarmenn hafi hag af hverjum einasta fundi, í tólf myndböndum sem nú eru aðgengileg á heimasíðu Kennarasambands Íslands.

LEIÐIR TIL AÐ STYTTA FUNDI OG GERA ÞÁ HNITMIÐAÐRI

Fundir eru óhjákvæmilegur hluti af flestum störfum í dag og þar er skólastarfið að sjálfsögðu ekki undanskilið. Í könnun sem Kennarasambandið lét gera nýlega kom í ljós að félagsmenn sitja að jafnaði tólf til tuttugu fundi í mánuði. Mat þeirra sjálfra er að aðeins um 10 prósent fundanna séu skilvirk.

Aðalheiður Steingrímisdóttir, varaformaður Kennarasambandsins og formaður fræðslunefndar KÍ, segir að margir hafi bent nefndinni á að gagnlegt væri ef nefndin léti vinna fræðsluefni um hvernig hægt væri að gera fundi bæði skilvirkari og betri. Nefndin tók að sjálfsögðu vel í þær ábendingar og síðasta vor var farið að leggja drög að slíku kennsluefni.

„Undanfarin ár hefur fræðslunefndin verið með árleg fræðslunámskeið fyrir forystusveit KÍ og aðildarfélaga til að veita fólki stuðning í félagsstörfunum. Á

námskeiðunum er fólk beðið að leggja mat á fræðsluna og koma með ábendingar um atriði sem það telur sig hafa þörf fyrir að fá fræðslu um. Þannig urðu þessi myndbönd til, en tilgangur þeirra er fræðsla um praktísk atriði fyrir alla félagsmenn, hvort sem það viðkemur fundastússi og ræðuhöldum í félagsstarfinu eða í skólastarfinu“ segir Aðalheiður. „Við vonum að þetta efni komi að tilætluðum notum.“

Fræðslunefndin fékk Gunnar Jónatansson hjá ráðgjafafyrirtækinu IBT til að vinna fræðsluefnið, sem er í formi tólf stuttra myndbanda. Í þeim er meðal annars farið yfir það hvenær ástæða er til að halda fundi, hver beri ábyrgð á að fundur skili árangri og hverja skal boða á fundi. Sérstök myndbönd voru einnig unnin um framkomu á fundum.

Myndböndin eru aðgengileg á heimasíðu Kennarasambandsins og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér efni þeirra.

MIKIL ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTU ORLOFSSJÓÐS KÍ

Í byrjun ársins var félagsmönnum Kennarasambandsins send könnun þar sem spurt var út í þjónustu Orlofssjóðs KÍ. Spurningarnar voru sendar rafrænt og við þeim bárust rétt rúmlega 2.600 svör.

Þar kemur fram að um áttatíu og átta prósent félagsmanna KÍ hafa á einhverjum tímamarki nýtt sér þá þjónustu sem Orlofssjóður býður upp á. Af þeim sögðust rétt tæplega 78% ánægð eða mjög ánægð með þá þjónustu sem veitt var.

Aðrar helstu niðurstöður eru meðal annars þær að félagsmenn virðast almennt sáttir við þann fjölda sumarhúsa sem Orlofssjóður á, og sömu sögu má segja um orlofsíbúðir sjóðsins í Reykjavík. Lögð var áhersla á að spyrja hversu margir félagsmanna vildu fjölga þeim húsum þar sem gæludýr eru leyfð. Tæp 25% þátttakenda í könnuninni töldu að fjölga ætti þessum húsum, meðan rúmlega 52% sögðust mótfallin því. Þegar spurt var út í umfang þjónustu Orlofssjóðs KÍ töldu rúmlega 40% þátttakenda það vera passlegt meðan rúmlega 33% töldu það of lítið. Enn fremur eru tæplega 75% félagsmanna KÍ ánægð eða mjög ánægð með Ferðablað Orlofssjóðs.

Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar á næstu misserum til að þróa og bæta þá þjónustu sem Orlofssjóður Kennarasambands Íslands veitir.



Mikill meirihluti félagsmanna KÍ er ánægður með Ferðablað Orlofssjóðs samkvæmt könnun sem gerð var í byrjun ársins.



KYNNINGARFUNDIR UM BREYTINGAR Á A-DEILD LSR

Eins og kunnugt er hefur Alþingi samþykkt breytingar á lögum um A-deild LSR. Samkvæmt lögnum verður tekið upp breytt réttindakerfi hjá deildinni 1. júní 2017 með aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.

Frá þessu er greint á vef LSR og þar segir jafnframt: „Meðal þeirra áhrifa sem breytingarnar hafa á núverandi sjóðfélaga í A-deild LSR má nefna að með framlagi ríkisins í lífeyrisaukasjóð er núverandi sjóðfélögum tryggð áfram óbreytt ávinnsla framtíðarréttinda og óbreyttan lífeyristökualdur við 65 ár.“

Þá segir í sömu frétt að ekki verði gerð breyting á þegar áunnum réttindum núverandi sjóðfélaga, hvorki þeirra sem eru í starfi í dag, byrjaðir að taka lífeyri eða eiga eldri réttindi hjá sjóðnum. Þau réttindi verði áfram reiknuð í jafnri réttindaávinnslu og miðuð við 65 ára lífeyristökualdur.

Á vef LSR segir að ef þær forsendur sem miðað er við ganga ekki eftir, kunni að koma til breytinga á áunnum réttindum. Þetta á ekki við um þá sem byrjaðir eru að taka lífeyri, eða verða orðnir 60 ára við gildistöku 1. júní nk. Nýir sjóðfélagar ávinna sér réttindi í aldurstengdu réttindakerfi og lífeyristökualdur verður miðaður við 67 ára aldur. LSR efnir til kynningarfundna um málið í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum í þessum mánuði.



Hjördís Sigursteinsdóttir, aðjúnkt Viðskipta- og raunvísindasviðs HA, kannaði líðan kennara fyrir vinnuumhverfisnefnd KÍ.

EINELTI, ÁREITNI OG OFBELDI MEÐAL KENNARA

Hvernig líður kennurum í vinnunni? Verða þeir fyrir einelti, kynferðislegri áreitni eða eru þeir beittir ofbeldi? Þetta var meðal þeirra spurninga sem vinnuumhverfisnefnd Kennarasambandsins lagði upp með þegar hún fékk Hjördísi Sigursteinsdóttur, aðjúnkt Viðskipta- og raunvísindasviðs HA, til samstarfs við sig. Hjördís lagði könnun fyrir félagsmenn Kennarasambandsins og tæplega 49% þeirra svöruðu könnuninni. Markmiðið var að kanna í hversu miklum mæli kennarar lentu í ofangreindum atvikum á vinnustað.

Niðurstaðan liggur nú fyrir, en í ljós kom að rúmlega 10 prósent félagsmanna Kennarasambandsins hafa orðið fyrir einelti á vinnustað á síðustu tveimur árum. Tæp

tvö prósent hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni, rúm þrjú prósent fyrir kynbundinni áreitni og um fimm prósent fyrir hótunum eða líkamlegu ofbeldi í störfum sínum. Það vekur sérstaka athygli að mikill meirihluti þessara mála, eða rúm 60%, er aldrei tilkynntur.

Þessa dagana er unnið að því að kynna niðurstöðurnar fyrir forsvarsmönnum Kennarasambandsins og aðildarfélaganna þess. Ljóst er að skoða þarf þessi mál nánar með það að markmiði að vekja kennara og skólástjórnendur til vitundar um þessi mál og fækka þeim. Einnig þarf að skoða sérstaklega ástæðurnar fyrir því að jafnhátt hlutfall þessara mála og raun ber vitni er ekki tilkynnt á nokkurn hátt.



VIKINGASUSHI ÆVINTÝRAFERÐ


- VikingaSushi
- Kvöldverður á Breiðafirði
- Ferjan Baldur
- Flatey



Bókunarsími 433 2254

Petta er engin spurning

Viðbótarlífeyrir er nauðsyn



Tryggir þína framtíð

Allianz 



LÉTUM DRAUMINN RÆTAST

**Borgþór
Arngrímsson
skrifar**

Freyja Dögg Frímannsdóttir segir frá því hvernig er að ala upp þrjú ung börn í Lundi í Svíþjóð, en tvö barnanna eru í leikskóla en það þriðja í grunnskóla. Freyja og eiginmaður hennar fluttu frá Akureyri til Svíþjóðar fyrir tæpu ári og kunna lífinu vel í sænsku samfélagi.

Það telst ekki til sérstakra tíðinda þótt fólk taki sig upp og flytji til útlanda. Fyrir viðkomandi fjölskyldu, eða einstakling, er það hins vegar stór ákvörðun að flytja með allt sitt hafurtask og setjast að í öðru landi. Að pakka búslóðinni, selja jafnvel íbúðina, kveðja ættingja, vini og góða granna og setjast að í nýju landi er mikil breyting. Að baki slíkri ákvörðun geta legið margar og ólíkar ástæður. Stundum tengjast slíkir

flutningar atvinnu, en þess eru mörg dæmi að fólk sem missir vinnuna leiti á ný mið. Sumir sjá ekki fram úr skuldunum og ákveða að freista gæfunnar í öðru landi í þeirri von að þar gangi betur að láta enda ná saman. Ástæðurnar fyrir því að fólk ákveður að flytja milli landa eru margar og ólíkar.

Síðastliðið sumar tóku ung hjón með þrjú börn sig upp og fluttu frá Akureyri til Lundar í Svíþjóð. Þetta voru þau Freyja Dögg Frímannsdóttir og Orri Gautur Pálsson og að baki þeirra flutninga var hvorki skuldabasl né atvinnuleysi. Tíðindamaður Skólavörðunnar, sem búsettur er í Kaupmannahöfn, brá sér yfir sundið og hitti Freyju Dögg á heimili fjölskyldunnar í útjaðri Lundar. Erindið var að fræðast um reynslu þeirra hjóna og dætranna þriggja af því að setjast að í nýju landi.

Að dæmigerðum íslenskum sið var gestinum strax boðið upp á kaffi. Eftir stutt spjall um menn og málefni var spurt hvað hefði orðið til þess að þau Freyja og Orri ákváðu að taka sig upp og flytja til Svíþjóðar.



„Það er talsvert heimanám, lestur og ýmis verkefni sem þarf að skila. Náið er fylgst með verkefnaskilunum og ef þar verður misbrestur á fá foreldrarnir skilaboð um það og athugasemdir.“

Svíþjóð var augljóst val

„Maðurinn minn ólst upp í Svíþjóð frá sex ára aldri og þangað til hann var orðinn sextán ára. Faðir hans var þá í framhaldsnámi í læknisfræði og fjölskyldan bjó í Västerås, skammt frá Stokkhólmi. Síðar vorum við Orri, sem starfar sem forritari, í háskólanámi hér í Svíþjóð og í Kaupmannahöfn. Við fluttum til Íslands árið 2005 og höfum alla tíð talað um að flytja aftur út, annað hvort til Svíþjóðar eða Danmerkur. Við eigum þrjár dætur, Dísu sem er sjö ára, Kötu fjögurra ára og Mæju eins árs. Ef við ætluðum að láta verða af því að flytja var ekki seinna vænna, áður en stelpurnar yrðu of stórar til þess að rífa þær upp frá vinum og skóla. Þannig að við ákváðum bara að láta vaða.“

Og völduð Svíþjóð!

„Já, það var kannski ekki síst tungumálið sem réði því. Maðurinn minn talar auðvitað sænsku reiprennandi og ég reyndar líka. Við vildum líka fara til lands þar sem við ættum auðveldara með að komast inn í samfélagið. Við þekkjum vel til herna og eigum hér vini þannig að þetta var nokkuð augljóst val.“

Og þið ákváðuð að setjast að í Lundi.

„Já. Við vildum vera í Suður-Svíþjóð þar sem við eigum bæði ættingja og vini í Kaupmannahöfn sem við höldum sambandi við. Lundur var eiginlega tilviljun, en okkur bauðst herna raðhús til leigu. Við teljum okkur heppin því hér er mikill skortur á húsnæði og húsnæðisverð er hátt, talsvert hærra en í Malmö. Við erum hins vegar búin að kaupa hús í Höllviken, litlum bæ suður af Malmö, og flytjum þangað í sumar.“

Orri hafði sótt um tvö störf og bauðst annað þeirra, hjá stóru hugbúnaðarfyriretæki í Malmö. Svárið kom daginn eftir að yngsta dóttirin fæddist og við ákváðum að kýla á það. Eftir á að hyggja hentaði tímápunkturinn vel, því ég var í fæðingarorlofi og gat þess vegna sinnt dætrunum en þetta var auðvitað mikil breyting fyrir þær. Orri fór á undan okkur og var búinn að ganga frá því er varðaði búsetuflutninginn. Það gekk allt greiðlega, en við áttum bæði sænska kennitölu og kannski flýtti það fyrir. Ég hélt áfram í fæðingarorlofinu, tíminn sem ég var búin að nota heima dróst einfaldlega frá og hér var svo reiknað út hvað ég ætti að fá greitt, það er svipað og á Íslandi en þó örlítið meira. Fæðingarorlofið hér er lengra en heima, ég átti rétt á árs fæðingarorlofi hér og get tekið

hluta af orlofi eiginmannsins en hann á svo eyrnamerka þrjá mánuði. Þá verður hann að taka áður en sú stutta nær átta ára aldri.“

Hvað með heilbrigðisþjónustuna?

„Fljótlega eftir að við fengum kennitöluna, sem tók skamman tíma, kom bréf frá heilsugæslunni hér í hverfinu þar sem okkur var tilkynnt að nú værum við komin þar á skrá. Við erum ekki með sérstakan heimilislækni heldur pöntum bara tíma ef á þarf að halda. Það gengur allt mjög greiðlega. Yngsta dóttirin er í ungubarnaeftirliti sem er nánast eins og á Íslandi, bæði varðandi bólusetningar og annað.“

Móttökur í sænsku skólakerfi

Nú víkjum við talinu að skólunum.

„Skólagangan hefst árið sem barnið verður sjö ára, ári síðar en á Íslandi.“

Þegar barnið er sex ára getur það farið í „förskoleklass sem er ekki skylda en nánast öll börn byrja þar. Þessi „förskole“ er á sama stað og grunnskólinn. Dísa var búin með 1. bekk á Íslandi og var ekki beint ánægð með að fara aftur í 1. bekk.“

Hvernig fannst þér hún standa að vígi miðað við jafnaldrana hér?

„Mér þótti hún standa vel, þrátt fyrir að hún hefði ekki tungumálið. Þetta var auðvitað erfitt fyrst, en í þessum skóla eru börn af mörgum þjóðernum. Í Dísu bekk eru 22 nemendur en í skólanum eru tveir 1. bekkir. Það er fastur bekkjarkennari og svo nokkrir aðstoðarkennarar. Skóladagurinn byrjar kl. 8.20 og lýkur kl. 13.40. Börn geta byrjað daginn á frístundaheimili í skólanum, og þangað geta þau líka farið eftir að skóladeginum lýkur. Langflestir foreldrar nota frístundina og ég held að dóttir mín hafi í haust verið sú eina í bekknum sem ekki fór þangað eftir skóla. Hún hlakkaði mjög til þegar ég færi að vinna því þá færi hún með hinum í frístundina. Í frístundinni er allt mögulegt gert, mikið verið úti, svo er litað og bakað svo eitthvað sé nú nefnt. Þarna eru krakkar frá 1. bekk upp í 5. bekk.“

Hvað með heimanám?

„Það er talsvert heimanám, lestur og ýmis verkefni sem þarf að skila. Náið er fylgst með verkefnaskilunum og ef þar verður misbrestur á fá foreldrarnir skilaboð um það og athugasemdir.“

Foreldrafundur?

„Foreldrafundur eru einu sinni til

tvisvar á önn og síðan eru einstaklingssamtöl með foreldrum og barni, eitt að hausti og annað að vori. Áður en einstaklingssamtalið, eða fundurinn, fer fram er barnið búið að svara ýmis konar spurningum og efni þeirra svo rætt á fundinum.

Mig langar að nefna eitt sem mér fannst athyglisvert þegar Dísar var að byrja á skólanum. Það er hvernig tekið var á móti henni sem útlendingi. Fyrst fór hún í eins konar stöðumat á skólaskrifstofunni niðri í bæ. Þar var hún, sem reyndar talaði enga sænsku, látin lesa og hitti hjúkrunarkonu og það var farið yfir hlutina. Hún fékk að vita að þetta mat gæti tekið frá því að koma á hverjum degi í tvær vikur eða lengur eða bara eitt skipti, eins og varð raunin með hana. Þetta er til þess að finna hvar viðkomandi passi inn. Ef um er að ræða nemendur sem koma úr allt öðru umhverfi og aðstæðum geta þau semsagt þurft að sækja tíma í tvær til þrjár vikur, áður en skólinn sjálfur byrjar. Þegar Dísar byrjaði svo í skólanum fékk hún strax auka sænskukennslu, einu sinni í viku. Þá var hún tekin út úr bekknum og svo var metið hvort hún þyrfti að fá aðstoð inni í

bekknum, sem ekki reyndist nauðsynlegt. Hún á sænskar vinkonur, sem hún leikur sér við og búa héra í nágrenninu.“

Hvað með íslenskukennslu í skólanum, er slíkt í boði?

„Já, samkvæmt lögum hér eiga allir erlendir nemendur rétt á að fá kennslu í sínu móðurmáli. Dísar fær einu sinni í viku kennslu í íslensku. Þetta eru einkatímar því hún er eini Íslendingurinn í þessum skóla. Kennarinn er Íslendingur sem fer á milli skóla, sinnir semsagt mörgum skólum. Kennslan er annars með svipuðum hætti og heima, en þó er mun meira um að kennt sé utandyra, bæði t.d. stærðfræði og náttúrufræði.“

Fer hún með nesti í skólann?

„Nei, það er matur í skólanum, bæði hressing á morgnana og svo hádegismatur. Það er foreldrum að kostnaðarlausu og mér hefur sýnst maturinn vera fjölbreyttur og Dísar er mjög ánægð með hann.“

Þurftuð þið að kaupa skólabækur og annað sem tilheyrir skólagöngunni?

„Þessari spurningu er fljótvarað. Það þurfti ekki að kaupa neitt, hvorki bækur né



Freyja Dögg Frímansdóttir

annað. Ef börnin fara á frístundaheimilið þarf að greiða gjald, mun minna þó en á Íslandi. Yngri stelpurnar tvær eru á leikskóla og fyrir það þarf að borga. Ég hef reiknað út að það sem við borgum hér fyrir þetta, leikskólann og frístundina, er um það bil fjórðungur þess sem sambærilegt kostar heima (á Akureyri).

Skólaárið er frá 19. ágúst til 10. júní, ein vika í haustfrí og önnur í svonefnt vetrarfrí á vorönninni.“

Svo eigið þið eigið tvær yngri dætur?

„Já, þær eru báðar á leikskóla hér í hverfinu og eru mjög ánægðar. Hér eiga öll börn rétt á leikskólalássi frá eins árs aldri og ekkert sem heitir að þau þurfi að vera heima vegna veikinda á leikskólanum. Það hefur vakið athygli okkar foreldranna að þær tvær eldri tala oft saman á sænsku þegar þær eru að leika sér. Við reynum að passa upp á íslenskuna og tölum alltaf íslensku hér heima.

Mér þykir rétt að geta þess að við fáum barnabætur með þeim tveim yngri, samtals 3.800 sænskar krónur á mánuði. Þetta er ekki tekjutengt og er meira en það sem við borgum fyrir gæsluna. Launin hér í Svíþjóð eru ívið lægri en heima en okkur finnst hins vegar meira verða eftir í veskinu. Það ríkir að mínu mati líka meiri skilningur á vinnustöðum gagnvart foreldrum heldur en heima. Aftur á móti er fyrsti veikindadagur hér ekki launaður.“

Að lokum, þú ert sjálf nýbyrjuð að vinna.

„Ég var svo heppin að fá vinnu hjá IKEA, það gerist ekki sænskara. Starfsheitið er sérfræðingur á samskiptasviði og ég sinni samskiptum við fjölmörgu um allan heim.“

Með þessum orðum er botn sleginn í viðtalið.



Flott föt, fyrir flottar konur

belladonna

Str.
38-58

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is





10 GÓÐ RÁÐ UM HEGÐUN OKKAR Á NETINU

1. Komum fram á netinu og samfélagsmiðlum eins og við gerum í vinnunni og opinberlega. Verum góðar fyrirmyndir.
2. Tjáum okkur af sanngirni og virðingu um vinnuna á netinu og samfélagsmiðlum. Tölum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt um skólann, samstarfsfólk, nemendur, foreldra/forráðamenn og aðra.
3. Gætum trúnaðar við nemendur og aðstandendur þeirra á samfélagsmiðlum. Þetta á meðal annars við um félagslegar og efnahagslegar aðstæður, skoðanir, fatlanir, trúarbrögð, kynhneigð, líðan og heilsufar.
4. Gætum persónuverndar nemenda okkar og samstarfsfólks. Birtum ekki myndir úr skólastarfi á samfélagsmiðlum eða vitnum í orð nemenda eða samstarfsfólks án samþykkis hlutaðeigandi.
5. Ræðum notkun samfélagsmiðla við nemendur og foreldra/forráðamenn. Segjum þeim frá þeim viðmiðum sem við styðjumst við.
6. Gætum þess að mismuna hvorki nemendum né foreldrum/forráðamönnum þeirra.
7. Hvetjum til þess að í skólanum séu viðmið um notkun tölva, snjalltækja, tölvupósts og samfélagsmiðla, bæði fyrir starfsfólk og nemendur.
8. Gætum að mörkum einkalífs og vinnu á netinu og í samfélagsmiðlum. Stofnum hópa fyrir samskipti við nemendur og foreldra/forráðamenn á samfélagsmiðlum. Gætum þess einnig að koma fram sem einstaklingur en ekki fulltrúi vinnustaðarins/skólans þegar við tjáum okkar persónulegu skoðanir á netinu.
9. Sendum ekki persónulegan tölvupóst úr vinnunetfangi. Almennt séð er slíkur póstur sendur í nafni vinnustaðarins okkar.
10. Munum að það sem einu sinni er farið á netið er erfitt eða ómögulegt að taka til baka. Ef við höfum miklar skoðanir á frétt eða innleggi á samskiptamiðli getur verið gott að hvíla málið aðeins áður en við bregðumst við. Ef og þegar við ákveðum að bregðast við gerum það á uppbyggilegan og málefnalegan hátt.



KENNARAR ÞURFA AÐ VERA ÁHU UM AÐSTÆÐUR Á VINNUSTAÐ

Ásdís Ingólfssdóttir framhalds-
skólakennari þekkir vel til
vinnuumhverfismála kennara.
Hún hefur verið formaður
vinnuumhverfisnefndar KÍ síðustu
tvö ár og átt sæti í nefndinni
í nærfellt átta ár. Ásdís hefur
um árabíl kennt efnafræði og
hagfræði í Kvennaskólanum í
Reykjavík og nú er hún að bæta
við sig kennslu í fjármálalæsi
og frumkvöðlafræði.

Ásdís sat heima í Dymbilvikunni og fór yfir
verkefni þegar blaðamaður Skólavörðunnar
heimsótti hana til að að ræða kennarastarfið
og málefni vinnuumhverfisnefndar.

„Kvennó er góður vinnustaður og það
er yndislegt að starfa þar. Það er og hefur
alltaf verið mikil framþróun, verið að prófa
sig áfram með nýja hluti og kennarar hafa
frelsi til að hrinda hugmyndum sínum í
framkvæmd. Kvennó var langt á undan
öðrum í styttingu náms til stúdentsprófs.
Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, sem var
skólameistari, vildi láta reyna á þriggja ára
nám til stúdentsprófs og það var sett á árið
2009 og fyrsti árgangurinn útskrifaðist
árið 2012. Við vorum heppin í upphafinu
því við fengum nýtt húsnæði og gátum
stækkað skólann. Við lentum því ekki í því,
sem margir óttuðust, að með því að skerða
námið um fjórðung þá myndi kennurum
fækka um fjórðung.“

Ásdís kennir nú frumkvöðlafræði og
fjármálalæsi og frá og með næsta hausti
bætist þjóðhagfræði við en þetta eru ný fög
í skólanum. Hugmyndin var Ásdísar en hún
hefur auk þess að leggja stund á jarðfræði
og stærðfræði í háskóla, lokið meistaraþráðu
í viðskiptafræði. „Tímasetningar í mínu
lífi hafa oft verið undarlegar og ég lauk
viðskiptafræðináminu í október 2008. Þá
var það bara „Guð blessi Ísland“ og allir
vita hvernig það fór. Þannig að ég hélt mínu
striki í Kvennó og hef ekki séð eftir því.“

Báðar þessar greinar njóta vinsælda og
Ásdís segir það hafa komið sér skemmtilega
á óvart hversu margir nemendur skráðu sig
í kúrsana. „Það er alveg frábært að kenna
þessi fög enda nemendurnir alveg frábærir
og meðvitaðir um þessi fræði.“

Námsáhuginn er enn til staðar og Ásdís
er aftur farin að stunda háskólanám. Hún
vinnur nú að annarri meistaraþráðunni, að
þessu sinni í ritlist. „Ég get hæglega mælt
með þessu námi, þetta hefur verið óskaplega
skemmtilegt, ekki síst að hitta allt þetta
unga fólk sem er svo flinkt og frábært.“

Ásdís hefur þegar skilað fyrri hluta
meistararitgerðarinnar, ljóðabók, og nú
vinnur hún að gerð sögulegrar skáldsögu og
stefnir á útskrift næsta haust. Skáldskapur-
inn hefur fylgt henni alla tíð og hún skrifaði
sitt fyrsta smásagnasafn aðeins átta ára
gömul. „Það voru hærri þröskuldar í gamla
daga og viðkvæðið var að maður ætti að læra
eitt hvað sem hægt væri að lifa af. Þess vegna
lagði ég kannski ekki skrifin fyrir mig heldur
fór í háskóla til að stúdera jarðfræði.“

Álagið þarf að viðurkenna

Við víkjum nú talinu að starfi vinnu-
umhverfisnefndar en Ásdís er formaður
nefndarinnar. Hún segir mörg málefni til
umræðu í nefndinni og verkefnin af ýmsu
tagi. Streita og álag sem kennarastéttin býr
við er eitt af stóru málum nefndarinnar.
Kennarar hafa lengi kvartað undan miklu
vinnuálagi sem veldur streitu og kulnun.

„Ég vil ekki setja mig í einhverjar fórn-
arlambsstillingar en kennarar eru margir
undir gríðarlegu álagi. Það þarf viðurkenn-
ingu á því að kennarastarfið sé álagsstarf.
Það eru allir sammála því að leikari eða
útvarpsmaður sem flytur sinn daglega
þátt á dag séu í fullu starfi, en sem kennari
þá stendurðu tímunum saman innan um
áheyrendurna og flytur þinn „útvarpsþátt“.
Kennarinn þarf að vera vel undirbúinn og
ég myndi vilja sjá að þessar starfsaðstæður
væru viðurkenndar og umbunað samkvæmt
því,“ segir Ásdís.

Hópastærðirnar eru annað baráttumál

að sögn Ásdísar. „Hópastærðir eru stórt og
mikilvægt mál og ég segi stundum að við
getum einfaldlega snúið dæminu við og
spurt hvaða foreldri finnst í lagi að bjóða
barninu sínu upp á að vera alltaf í svo og svo
margra manna hópi. Mínir bekkir eru allt
upp í 29 nemendur. Fullorðið fólk veit hvaða
álag fylgir því að vinna í stóru opnu rými en
okkur finnst í lagi að bjóða börnunum okkar
upp á slíkt. Minnstu börnin eru mörg hver í
leikskólanum í níu klukkustundir á dag sem
er lengra en hefðbundinn vinnudagur hjá
fullorðnu fólk. Svo tekur grunnskólinn við
og þá er algengt að krakkarnir séu í stórum
hópum allan daginn, þar sem þau leysa og
vinna verkefni jafnvel í hávaða og truflandi
aðstæðum,“ segir Ásdís.

**Kennarastarfið er sem
slíkt frábært, fjölbreytt
og yndislegt en starfs-
aðstæður og laun
þurfa að vera í sam-
ræmi við menntun og
ábyrgð.**

Ásdís segir brýnt að huga að vinnuum-
hverfi nemendanna ekki síður en kennar-
anna, en grunnskólakrakkar dvelja lungann
úr deginum í skólanum. „Við verðum að
horfa á þetta sem vinnustað unglínganna
líka og stundum er bara ekki nokkur
vinnufriður. Svo eru komin ný vandamál, ef
svo má að orði komast, börn og unglíngar
eru mikið á netinu, á Facebook, og búa við
meiri streitu en áður.“

Annar streituvaldur eru tölvu- og net-
kerfi skólanna. Ásdís vakti athygli á þessu í
grein sem birtist í Skólavörðunni árið 2015.
Þar skrifaði hún meðal annars: „Stafrænt
vinnuumhverfi er veruleiki mjög margra í
dag og ef tölvukerfi virka ekki getur það haft
verulega áhrif á afköst, sem aftur hefur áhrif
á starfsfólk og starfsánægju.“

ÁHUGASAMARI

„Því miður eru tölvukostur og tölvukerfi víða í molum og slíkt ástand hefur slæm áhrif á skólastarf. Tölvutæknin hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum, um tíma var kennd tölvunarfræði í mörgum skólum og þá var alltaf tölvunarfræðingur á staðnum. Svo var þessu hætt og tölvunarfræðingarnir hurfu á braut. Tölvubúnaður er úr sér genginn víða, uppfærslur valda vandræðum og svo hrynur kannski allt. Tæknimálin eru eilífðarbarátta, kennarar og nemendur kvarta eðlilega þegar þessir hlutir eru ekki í lagi. Ég tel að kennarar fylgist vel með tækniþróun og þeir hafa sýnt flott frumkvæði við að nýta til dæmis spjaldtölvur og síma í kennslu en það eru jú tækin sem krakkar nota mest.

Hver er réttur kennarans?

Réttindamál kennara eru Ásdís hugleikin þessa dagana og hún ætlar að koma þeim málum á dagskrá vinnuumhverfisnefndar á næstunni.

„Ég hef um langt skeið haft áhyggjur af tryggingum kennara, án þess þó að vera einhver sérfræðingur á þessu sviði. Við þekkjum það hins vegar mörg sem störfum sem kennarar, að æ oftar fara kennarar til dæmis með hópa nemenda til útlanda. Ef eitthvað kemur fyrir þá situr kennarinn í súpunni. Ég held að hér verði að leggjast yfir og skoða hið lagalega umhverfi og einnig velta fyrir sér samfélagsábyrgð. Hver er réttur kennarans og hver stendur með honum ef eitthvað kemur fyrir? Ég held ég geti fullyrt að íslenska ríkið standi ekki með kennaranum. Við getum ekki sætt okkur við að kennarar séu gerðir að sökudólgum, réttur þeirra þarf að vera tryggður. Það þarf að mínu viti að opna þessa umræðu, kalla til sérfræðinga og ræða þetta frá a til ö.“

Mættu vera áhugasamari

Umræða um vinnuumhverfismál er smám saman að aukast að mati Ásdísar, en hún segir kennara mega vera miklu áhugasamari um þennan málaflökk. „Auðvitað hefur þetta verið þannig að meðan kjarabaráttan er

Það þarf
viðurkenningu
á því að
kennarastarfið
sé álagsstarf.

„Kvennó er góður vinnustaður og það er yndislegt að starfa þar,“ segir Ásdís Ingólfsdóttir framhaldsskólakennari um vinnustaðinn sinn, Kvennaskólann í Reykjavík.

aðalmálið og snýst um að kennarar nái að skrimta af sínum launum þá komast hlutir á borð við innloft og lýsingu ekki á dagskrá. Eitt af því sem hefur þó vakið kennara til vitundar um þessi mál eru sífellt fleiri dæmi um myglu í skólabyggingum.“

Ásdís segir vinnuumhverfisnefndina vinna eftir samþykktum þings KÍ. „Þar má nefna til dæmis gátlista sem við höfum látið gera og snúast um að kennararnir sjálfir skoði eigið vinnuumhverfi. Við höfum prófað þessa gátlista á nokkrum stöðum og vonumst til að geta sett þetta verkefni á fullt næsta haust. Þannig spyrja kennararnir sig hvort vinnuaðstaða sé í lagi, loftgæðin góð, hvernig lýsingu og hljóðvist sé háttað, tæki og tól séu í lagi og svo framvegis. Vonir okkar standa til þess að kennarar fái með þessu

verkfæri og geti leitað til næsta yfirmanns vegna þess sem þeim finnst ábótavant. Vonandi verður þetta til þess að hlutirnir færast til betri vegar í skólunum.“

Ásdís segir eina hugmynd að efna til sérstakrar vinnuumhverfisviku. Kennarar, stjórnendur og starfsfólk skólanna myndi þá gefa þessu mikilvæga málefni gaum, finna vankantana og síðan leiðir til lausnar. „Við megum ekki sitja endalaust uppi með að skólar séu fjársveltar stofnanir og við með of lág laun. Þá erum við ekki að búa börnum og unglingum þessa lands umhverfi sem er sæmandi fyrir þessa þjóð. Kennarastarfið er sem slíkt frábært, fjölbreytt og yndislegt en starfsaðstaða og laun þurfa að vera í samræmi við menntun og ábyrgð,“ segir Ásdís Ingólfsdóttir.



*Ingimar Karl
Helgason skrifar*

ÞEGAR BÖRNIN HVERFA

Hér á landi eru hverju sinni tugir eða hundruð barna á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri sem hingað hafa komið erlendis frá, ýmist sem flóttamenn eða sem hafa sótt um hæli hér á landi. Lítið er fjallað um þennan hóp þegar lítið er yfir fréttir síðustu missera. Börnin eiga rétt til skólagöngu og hefur verið fjallað um það í fréttum þegar brestir hafa orðið á því. Bent hefur verið á það í nýlegum rannsóknum við Háskóla Íslands að lítið hefur verið rætt við sjálf börnin sem hingað koma. Einnig er áberandi að kennarastéttin hefur ekkert verið til umfjöllunar þegar slík mál hafa verið til umræðu. ►

Börn geta komið hingað fylgdarlaus, sem flóttamenn með foreldrum sínum eða sem hælisleitendur. Lagaleg staða fólks er mismunandi eftir ástæðunni fyrir komunni hingað. Sumir dvelja hér varanlega, þó ekki endilega á sama stað innan landsins, en aðrir hverfa á braut aftur eftir lengri eða skemmri dvöl.

Kennarasamband Íslands vill tryggja að börnin fái að njóta menntunar óháð aðstæðum sínum, enda sé það þeirra réttur.

Skólinn er mikilvægur

„Það þarf að verða til skýr farvegur fyrir þessi börn þegar þau koma hingað inn í skólana, til að fá menntun þegar þau eru í þessari stöðu.“ Þetta segir Aðalheiður Steingrimsdóttir, varaformaður KÍ.

Aðalheiður segir mikilvægt að muna að börn hafi rétt til skólagöngu, auk þess sem skólinn sé mikilvægur félagslega. Kennarasambandið vilji mjög gjarnan skoða hvernig



Aðalheiður Steingrimsdóttir

hægt sé að styðja við fólk í þessum málum, bæði kennara og ekki síður börnin.

Kennarasamband Íslands hefur kynnt sér þessi mál í öðrum löndum og nýlega var haldin ráðstefna í

Svíþjóð þar sem farið var ítarlega yfir stöðu flóttabarna gagnvart skólunum og algeng vandamál. Víða er meðal annars skortur á menntuðum kennurum og viðunandi þjálfun fyrir kennara í menntun flóttabarna. Þá hefur verið bent á mikinn hreyfanleika flóttabarna, bæði innanlands og líka þegar þau yfirgefa landið. Að auki er talað um mismunandi skólaskyldudalur sem getur valdið vandræðum, auk þess sem fjöldamörg börn eru án fylgdar. Einnig er talað um að upplýsingar og tölfraedi skorti um flóttabörn í námi, árangur þeirra og brottfall úr skóla. Allt eru þetta þættir sem íslenskir kennarar og skólastjórnendur nefna þegar þeir eru spurðir um stöðu þessara mála hér á landi.

Oft mikill menningarmunur

Kristín Helgadóttir, leikskólastjóri í Holti í Reykjanesbæ, segir að starf með erlendum börnum gangi almennt vel og sé áhugavert en um leið krefjandi. Jafnframt sé mikilvægt að börn eigi tækifæri á menntun og vellíðan. En það er ýmislegt sem má bæta, að mati

Kristínar. „Mér finnst vanta meiri stuðning þar sem þessi börn eru oft ekki með mál þegar þau koma í skólana.“ Einnig beri oft á miklum menningarmun, „sem getur verið erfitt og flókið fyrir lítið barn“.

Kristín segir að leikskólakennarar verði varir við uppeldisaðferðir sem séu frábrugðnar þeim sem Íslendingar séu vanir, til dæmis líkamlegar refsingar.



Kristín Helgadóttir

„Hugmynd sem mig langar að koma á framfæri og er mín draumsýn; að einhvers konar miðstöð fyrir börn af erlendum uppruna væri stofnsett og væri partur af aðlögunarferli fólks. Þar væri t.d. öflug

kynning fyrir foreldra og grunnkennsla í íslensku máli sem allar fjölskyldur þyrftu að sækja fyrstu þrjá mánuðina á Íslandi, þar sem væri unnið í litlum hópum og kennt á þeirra tungumáli,“ segir Kristín. Kennarasambandið gæti orðið þrýstihópur og faglegur ráðgjafi. Skólarnir séu menntastofnanir og passa verði upp á að menntun skerðist ekki vegna þess að kraftar kennarans fari í of miklum mæli í aðlögun. Það þurfi mannskap í skólana til að fylgja þessum málum eftir. „Það er vel séð um þessa hópa og ytri þörfum sinnt en kannski þurfum við að einbeita okkur meira að velferð og sálægslu þessa fólks.“

Aukin fræðsla

Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, leikskólastjóri á Hálsaskógi í Breiðholti í Reykjavík, segir starfið með erlendu börnunum ganga vel. Vinnan sé hin sama með börnin óháð því hvaðan þau komi. „Við vinnum með einstaklinginn og þarfir hans hverju sinni. Þannig tökum við mið af bakgrunni og reynslu hvers barns.“ Hún bætir því við að sér þyki í sjálfu sér vanta fátt. Starfsfólk hafi fengið góða fræðslu og góðan stuðning frá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.

Friðbjörg segir að Kennarasambandið geti boðið félagsmönnum sínum almenna fræðslu. „Fræðslu sem innihéldi upplýsingar varðandi hvað þarf að huga að við móttöku, hvað felst í því að vera hælisleitandi annars vegar eða flóttamaður hins vegar, miðla fenginni reynslu þá á ég við að þeir sem hafa reynsluna miðli til annarra sem ekki hafa hana. Hvað hefur gengið vel og hvað ekki.“

„KÍ þarf að setja sér stefnu í þessum málum eins og kennarasamtök erlendis hafa gert. Við höfum skyldur í þessum efnum og megum ekki verða eftirbátar nágrannabjóðanna.“

Aðalheiður Steingrimsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands.

Erfitt þegar börnin hverfa

Þegar lítið er til grunnskólans verður fyrir svörum Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólastjóri Akurskóla í Reykjanesbæ. Hún segir starfið yfirleitt ganga mjög vel. Erlendu börnin séu yndisleg og tilbúin að læra nýja hluti. Þau fari í alla list- og verkgreinatíma, íþróttir og sund eins og önnur börn, en fari reglulega til kennara sem sinni sérstakri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Hún nefnir sérstaklega að auka þurfi sérþekkingu innan



Sigurbjörg Róbertsdóttir

skólanna: „Það þarf fleiri kennara sem sérhæfa sig í kennslu íslensku sem annars máls. Þá vantar fleiri tíma og fjármagn, t.d. úr jöfnunarsjóði. Þá þyrftu fræðsluskrifstofur eða skólaþjónusta að vera

með öflugan stuðning við þennan málaflokk og leiða vinnuna innan sveitarfélagsins.“ Hún telur að þarna geti Kennarasambandið lagt sitt lóð á vogarskálarnar með því að þrýsta á videigandi stjórnvöld að leggja fjármagn til verkefnisins. „Þá þarf að þrýsta á að erindi fólks til útlendingastofnunar taki ekki óeðlilega langan tíma. Það er mjög erfitt þegar börn hafa verið hér í ár eða meira og fá svo neitun um dvalarleyfi. Ferlið þarf allt að vera skilvirkara svo það bitni ekki á börnum og foreldrum þeirra. Það er vont og tekur á alla aðila þegar þau hafa tengst samfélaginu og eru svo send til baka.“ Bæta má við að í samtölum við starfsmenn leik- og grunnskóla hefur komið fram að

þeir finni til með börnunum þegar þau hverfa á braut. Þetta hafi ekki endilega mikil áhrif á önnur börn, en starfsfólkið viti hvers vegna þau fara þegar þeim er vísað úr landi. Í þeim efnum mætti styðja við starfsfólkið.

Kennsluefni stóra málið

Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla eru nú um 100 nemendur frá 30 löndum með íslensku sem annað tungumál. Þar er kennd íslenska fyrir hópinn. Flestir hafa verið á landinu og lært málið í að minnsta kosti 2 ár, segir Úlfar Snær Arnarson, kennslustjóri nýbúa við skólann. Nemendur séu hvattir til að taka venjulega íslenskuáfanga. Úlfar Snær bætir því við að það vanti kennslubækur sem tengist greinum á efri þrepum.

„Það er komið nokkuð gott samsafn af efni í kennslu á fyrstu þrepum íslensku sem kennarar geta nýtt sér. Efni á efri þrepum er einungis lausablöð og fjölrít, klippt, skorið, límt og stolið hvaðanæva að. Það vantar efni sem reynir á þau og gerir miklar kröfur til þeirra, kröfur sem eru sanngjarnar en

„Það er vel séð um þessa hópa og ytri þörfum sinnt en kannski þurfum við að einbeita okkur meira að velferð og sálægslu þessa fólks.“

Kristín Helgadóttir, leikskólastjóri í Holti í Reykjanesbæ.

byggja upp hjá þeim orðaforða sem nýtist í þeim fjölmörgu áföngum í skólanum þar sem ekki er tekið eins mikið tillit þess málumhverfis sem viðkomandi ólst upp við.“

Úlfar Snær segir að kennarar sem kenni íslensku sem annað mál eigi í miklum samskiptum sín á milli, t.d. á samfélagsmiðlum. Þó vanti skipulagðari vettvang til skoðanaskipta.

„Það er til dæmis langt síðan haldin var ráðstefna um kennslu nýbúa. Það er löngu kominn tími til að koma á annarri ráðstefnu eða námskeiði sem styður við kennara sem sinna þessari kennslu.

Megum ekki sitja eftir

Aðalheiður Steingrimsdóttir bendir á að börn njóti réttar til skólagöngu, sem meðal annars er varinn af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hún segir að Kennarasambandið geti gert mikilvæga hluti í þessum efnum. „Kí þarf að fara vel yfir hvernig hægt er að styðja við fólk sem hingað kemur og starfa með skólunum. Kí þarf að setja sér stefnu í þessum málum eins og kennarasamtök erlendis hafa gert. Við höfum skyldur í þessum efnum og megum ekki verða eftirbátar nágrannaþjóðanna.“

Bed Breakfast



Keflavik Airport · Iceland

Lengdu fríið og gistu á Bed&Breakfast
Keflavik Airport nóttina fyrir eða eftir flug.

Innifalið í gistingu er morgunverðarhlaðborð,
geymsla á bíl og keyrsla til og frá flugvelli.

Bókanir í síma 426-5000.



**VERKEFNI SEM AUKA
VÍÐSÝNI OG EFLA STARFS-
ÁNÆGJU KENNARA
OG NEMENDA**

Kolbrún Svala Hjaltadóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni í Flataskóla, hvetur kennara til að skoða möguleika eTwinning-verkefna. Þessi samvinnuverkefni eru tær sníld að hennar mati.

Kolbrún Svala Hjaltadóttir er að eigin sögn í mjög skemmtilegu starfi, en hún vinnur sem kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni í Flataskóla í Garðabæ. Kolbrún hefur unnið ötullega að Evrópuverkefnum, einkum á sviði eTwinning en það eru verkefni og samstarf sem fara fram á netinu.

Alls hafa 43 eTwinning-verkefni verið unnin í Flataskóla síðustu níu árin og fjögur í viðbót eru í gangi á þessari önn. eTwinning er stór skólaheimur og verður ekki útskýrður í einni setningu.

Það eru um 460 þúsund kennarar skráðir á vefinn og tæplega 18 þúsund skólar sem taka þátt í eTwinning. Frá upphafsárinu 2005 hafa verið unnin um 58 þúsund verkefni innan eTwinning.

Á vef eTwinning segir að um sé að ræða „aðgengilegt skólasamfélag á netinu þar sem hægt er að komast í samband við evrópska kennara og skólafólk, taka þátt í einföldum samstarfsverkefnum og sækja sér endurmenntun á vinnustofum og námskeiðum með hjálp upplýsingatækninnar.“

Tveir eða fleiri skólar vinna saman að ákveðnu verkefni og segir Kolbrún Svala að verkefnið geti verið allt frá því að standa yfir í einn dag og upp í kannski tvö ár.

„Eitt vinsælasta eTwinning-verkefnið í Flataskóla er án vafa söngvakeppnin sem ber yfirskriftina Schoolovision og er í sama dúr og Eurovision. Við erum svo heppin að vera þátttakendur í keppninni því aðeins einn skóli í hverju Evrópulandi fær að taka þátt. Verkefnið er í raun þannig að þáttökuskolarnir senda lag á myndbandi og greiða hinir þáttökuskólarnir öllum atkvæði og svo er bein útsending á föstudeginum fyrir lokakeppni Eurovision um hvaða röð er á skólunum. Stigagjöf er í anda Eurovision og krakkarnir hafa mjög gaman að þessu. Þetta varð til þess að við höldum undankeppni hér í skólanum til að velja framlag skólans,“ segir Kolbrún.

Fyrstu bekkingar senda refinn til Evrópu

Hún tekur dæmi af öðru verkefni sem er í gangi í 1. bekk en þar eru börnin að læra um villt dýr. „Þau eru að læra um refinn og hafa búið til upplýsingaspjald með mynd af refnum og ýmsum upplýsingum. Í

NÓTT ER FRAMLAG FLATASKÓLA Í SCHOOLOVISION

Flataskóli hefur átta sinnum tekið þátt í eTwinning-verkefni sem kallast Schoolovision. Um er að ræða nokkurs konar eftirlíkingu af Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og taka meira en þrjátíu þjóðir þátt á ári hverju; einn skóli í hverju Evrópulandi.

Til þess að velja framlag til Schoolovision er haldin forkeppni sem að sjálfsögðu er kölluð Flatóvision. Nemendur í 4. til 7. bekk taka þátt og tvö atriði úr hverjum árgangi keppa. Dómnefnd velur svo besta lagið og það fer áfram í Schoolovision sem er haldin að morgni föstudagsins fyrir úrslitavöld Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Þær Fríða Margrét Almarsdóttir og Birna Dís Eymundsdóttir í 7. bekk segja söngvakeppnina skemmtilega í alla staði og hún lífgi mjög upp á skólastarfið. Oft fari mikil vinna í undirbúning fyrir Flatóvision og þá eru frímínúturnar notaðar vel og svo æft heima hjá einhverjum nemandanum. Fríða segir kennara aðstoða við undirbúning og tónmenntakennarinn hefur til dæmis leikið undir þegar ekki fannst undirspil með lagi.

„Reglan er sú að lögin verða að vera íslensk og það er bannað að „mæma“ og hafa stuðningsraddir á bandi,“ segir Birna Dís.

Þær Fríða Margrét og Birna Dís eru sammála um að umstangið í kringum söngvakeppnina sé lærdómsríkt og þroskandi. Aðspurðar hvað þær hafi helst lært af verkefnum segja þær að það sé samvinna og gildi þess að vinna í hóp. „Við lærum að vinna saman og standa saman sem hópur. Stundum þarf að finna lausn þegar einum finnst dans of erfiður en öðrum léttur. Þá tölum við saman og ákveðum hvað sé best að gera,“ segir Fríða Margrét.

Framlag Flataskóla þetta árið er lagið Nótt eftir Svein Rúnar Sigurðsson sem Aron Hannes flutti eftirminnilega í Söngvakeppni RÚV fyrr á árinu. Nemendur í 6. bekk útbjuggu myndband með laginu þar sem einnig var leitast við að kynna helsta umhverfi skólans. Úrslitin verða svo tilkynnt á vefundi föstudaginn 12. maí en þá verða nemendur í öllum skólunum búnir að gefa myndböndunum stig að hætti Eurovision. Það er mikil stemning þegar úrslitin eru tilkynnt í beinni á vefundi í hátíðarsal skólans en þar safnast nemendur saman og bíða í eftirvæntingu eftir niðurstöðunni. Vonandi gengur þeim vel.

ETWINNING Í HNOTSKURN

eTwinning býður endurgjaldslaut upp á stuðning, rafræn verkfæri og þjónustu til þess að skólar geti stofnað til samstarfs í lengri eða skemmri tíma á sem einfaldastan hátt.

- Skráningu kennara og skóla fylgir aðgangur að eigin vefsvæði þar sem auðvelt er að finna samstarfsaðila.
- eTwinning verkefni eru unnin af tveimur eða fleiri kennurum frá mismunandi Evrópulöndum. Verkefni geta verið hvernig sem er, stór eða smá og til lengri eða skemmri tíma, svo framarlega að þau falli að kennsluskrá og uppeldismarkmiðum hvers skóla.
- TwinSpace er eins konar rafræn kennslustofa sem auðveldar vinnuna við verkefni og að halda utan um þau. TwinSpace er öruggt svæði sem einungis viðkomandi nemendur og kennarar hafa aðgang að.
- Allar kennslugreinar eru gjaldengar í eTwinning.
- Frír aðgangur að ýms konar veftækjum fylgir þátttöku í eTwinning.
- Sveigjanleiki í fyrirrími! Engir umsóknarfrestir, engar skýrslur og (nánast) engar reglur. Einkunnarorð eTwinning eru: KISS – Keep it Small and Simple.

Heimild: vefsíða Flataskóla, www.flataskoli.is



Fríða Margrét Almarsdóttir og Birna Dís Eymundsdóttir eru í 7. bekk Flataskóla.

Þessu tilfelli sendum við myndefnið í pósti til þeirra tuttugu skóla sem taka þátt í verkefninu víðs vegar um Evrópu. Spennan er alltaf mikil þegar pósturinn berst og börnin skoða hvaða villt dýr er til umfjöllunar, frá hvaða landi það kemur og hvað er sérstakt við það. Það er heilmikið nám í þessu verkefni.“

Aðspurð hvort það sé flókið ferli að fara inn í eTwinning-samfélagið þá segir Kolbrún að svo sé alls ekki. „Leiðirnar eru nokkrar og engin þeirra sérlega flókin. Kennari getur tengt sig við annan skóla og kannað grundvöll á samstarfi um verkefni, það þarf alltaf tvo til. Hann getur fundið verkefni á vefnum og beðið um að fá að taka þátt í því eða búið til nýtt með öðrum kennara/skóla. Þá þarf að skrá niður lýsingu á verkefninu, markmið, hvað á að gera og hvernig. Þegar það er klárt er verkefnalýsingin send til Rannís og það tekur mjög stuttan tíma að fá það samþykkt, oftast ekki meira en sólarhring. Þegar verkefnið hefur verið samþykkt þá er hægt að bjóða fleiri skólum í Evrópu að taka þátt,“ segir Kolbrún.

Verkefni innan eTwinning kosta auðvitað oft töluverða vinnu en Kolbrún segir einn kostinn þann að þegar kennarar hafa tekið þátt í nokkrum slíkum verkefnum þá séu þeir oft tilbúnir að taka þátt í stærri verkefnum, svo sem Comeniusar- og

Erasmus-verkefnum sem njóta oft verulegra styrkja frá Evrópusambandinu.

Kolbrún segir engan vafa leika á að þátttaka í eTwinning sé gagnleg fyrir kennara. „Samvinna af þessu tagi víkkar sjóndeildarhringinn og getur verið hin besta endurmenntun. Kennarar kynnast öðrum starfsháttum, hugmyndir að nýjum verkefnum og vinnuáferðum kvikna og þeir eignast nýja félagi í hópi kollega. Þá má ekki gleyma nemendum sem fá nýja sýn á heiminn, verða víðsýnni og átta sig á hverju er hægt að áorka þegar unnið er að saman að einu markmiði.“

Mjög gefandi fyrir kennara og nemendur

Nemendum finnst spennandi að vinna eTwinning verkefni og geta fylgst með hvernig aðrir vinna samskonar verkefni og þeir. Allt efni verkefnisins er hægt að geyma á sérstöku vinnusvæði sem fylgir verkefninu (TwinSpace). Netið gefur einnig möguleika á að tengjast beint inn í skólastofur samvinnuskólanna og spjalla og eiga myndræn samskipti við hina nemendurna.

„Það hefur auk þess gildi fyrir nemendur að búa til hluti eða leysa verkefni sem eru ekki bara fyrir kennarann og bekkjarfélagi heldur jafnaldra í skólum í öðrum löndum.“

Þá er það frekar nýtilkomið að kennarar

geta sótt um að stofna verkefni á íslensku.

„Það er til mikilla bóta því sumir kennarar viluðu fyrir sér að leggja út í verkefni vegna þess að þeim fannst þeir ekki nógu góðir í ensku.“

Kolbrún er mjög áfram um að hvetja kennara til þátttöku í eTwinning-verkefnum. Hún hefur eins og fram hefur komið mikla reynslu í þessu efni og því ekki úr vegi að enda spjallið á að biðja hana um fáein góð ráð til kennara sem hafa áhuga á að prófa eTwinning.

„Já, það fyrsta sem ég mæli með er að kennarar skrái sig í eTwinning og skoði sig um á umræðusvæðinu, sem kallast forum, en þar detta inn umræðuþræðir og hugmyndir að verkefnum á hverri mínútu. Kennari getur varpað fram hugmynd án skuldbindinga og séð hver viðbrögðin verða. Það er mikilvægt að hafa efnislínuna skýra og áhugaverða. Svo er annað sem kennarar þurfa að gæta að og það er að laga eTwinning-verkefni að því námsefni sem þeir eru að vinna með. Það er ekki skynsamlegt að bæta miklu við sig, betra að sleppa einhverju, og reyna að fella verkefnið að markmiðum sem þegar hafa verið sett. Það er engin spurning að þessi verkefni geta verið mjög gefandi fyrir kennara og nemendur, en munum að lítið og einfalt er oftast vænlegast til árangurs,“ segir Kolbrún Svála Hjaltadóttir.

SAMVINNA SKIPTIR MÁLI



Hilmar Björn Davíðsson Magnús

Hilmar Björn Davíðsson Magnús, nemandi í 4. bekk, tók þátt í árlegu eTwinning-verkefni Flataskóla síðasta haust. Verkefnið fól í sér að búa til flotta dómínókeðju og taka myndband af keðjunni falla eftir kúnstarinnar reglum.

„Þetta var rosalega skemmtilegt verkefni. Við komum með alls kyns dót að heiman og fengum líka bækur á bókasafninu,“ segir Hilmar um keðjuverkefnið.

Undirbúningur fer þannig fram að krakkarnir vinna í hópum við að búa til parta í keðjuna. Svo er allt tengt saman og þá er alltaf jafnspennandi að sjá hvort keðjan virkar. „Þetta gekk vel hjá okkur en við vorum í tvo daga að setja keðjuna upp,“ segir Hilmar og bætir við að vænan skammt af þolinmæði þurfi því stundum fari keðjan of snemma af stað.

Keðjuverkefninu er blandað inn í nokkrar námsgreinar og segir Hilmar Björn verkefnið hafa verið lærdómsríkt. „Samvinna skiptir máli og við lærðum að vinna saman í hóp. Það var ekki mikið rifist og þetta gekk bara vel.“

VEKJUM SJÁLF ATHYGLI Á ÖFLUGU SKÓLASTARFI

KÍ hefur síðustu misseri lagt áherslu á að segja frá því öflugra starfi sem fram fer í skólum landsins. Það hefur meðal annars verið gert í þáttunum „Skólinn okkar“ á Hringbraut og á vefnum skolavardan.is.

Samkvæmt Hagstofu Íslands eru á Íslandi starfræktir um 480 leik-, grunn- og framhaldsskólar. Nemendur í skólunum eru rúmlega 87.000 talsins og kennararnir tæplega 10.000, og við þá tölu bætast aðrir starfsmenn skólanna. Til viðbótar við allt þetta eru síðan tónlistarskólarnir með sína rúmlega 500 kennara og þúsundir nemenda. Af því leiðir að um þriðjungur landsmanna arkar dags daglega í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla landsins til náms eða vinnu. Einhver skyldi ætla að hinir hefðbundnu fjölmiðlar myndu á einhvern hátt endurspeglja umfang starfsins, en svo er því miður ekki.

Lengi var það stefna starfsmanna útgáfusviðs KÍ að reyna að hafa áhrif á umfjöllun hefðbundnu fjölmiðlanna. Sendar voru ítrekaðar ábendingar um áhugaverð verkefni, skemmtilega viðmælendur, spennandi vinnustaði og möguleg umfjöllunarefni. Það verður að segjast eins og er að sú vinna skilaði því miður oftast en ekki litlu — hver svo sem ástæðan er.

Vefur og sjónvarpsþáttur

Því ákváðu starfsmenn útgáfusviðs einfaldlega að skipta um stefnu. Í staðinn fyrir að vekja athygli hefðbundnu fjölmiðlanna á því metnaðarfulla starfi sem fram fer í skólunum á degi hverjum var ákveðið að sleppa milliliðnum og vinna í staðinn efni um skólana. Slíkt efni birtist nú reglulega á nýjum skólamála-vef sem ber nafn tímarits Kennarasambandsins, www.skolavardan.is. Vefurinn hefur síðustu mánuði verið í hægri en öruggri sókn og er það von þeirra sem að honum standa að hann verði í framtíðinni ómissandi upplýsingaveita um allt mögulegt sem tengist námi, skólum og kennurum.

En útgáfusvið KÍ lét þar ekki staðar numið heldur var á síðustu vikum ársins 2016 leitað til sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar með fyrirspurn um mögulegt samstarf. Það samtal skilaði sér í átta þátta sjónvarpsseríu sem bar nafnið „Skólinn



Aðalbjörn Sigurðsson og Margrét Marteinsdóttir í myndveru Hringbrautar ásamt Gæðari Cortes og Chrissie Guðmundsdóttur sem voru viðmælendur í þætti um stöðu tónlistarskólanna.

okkar“ en þættirnir voru í umsjón þeirra Aðalbjörns Sigurðssonar, útgáfu- og kynningarstjóra KÍ, og Margrétar Marteinsdóttur fjölmiðlakonu. Í hverjum þætti var tekið fyrir afmarkað viðfangsefni, en meðal þeirra voru velferð nemenda, iðn- og tækninám, sköpun í skólastarfi og skóli framtíðarinnar.

Það hafa allir áhuga

Markmiðið með þáttunum var að sýna fram á að það væri afar einfalt að vinna fjölbreytt og skemmtilegt ljósvakaefni úr skólum landsins. „Það hefði kannski ekki átt að koma mér á óvart hversu ótrúlega ólíkir skólarnir eru — en það gerði það samt,“ segir Aðalbjörn Sigurðsson aðspurður um hvaða lærdóm hann hafi dregið af vinnslu þáttanna. „Í raun hefði verið hægt að vinna heilan þátt í hverjum einasta skóla sem var heimsóttur. Sem sannar enn einu sinni fyrir mér að í skólunum liggur nánast botnlaus brunnur af áhugaverðu efni sem fjölmiðlar landsins ættu að kafa í og vinna upp úr. Mér

sýnist annar lærdómur af vinnslu þáttanna vera sá að þetta efni vekur mikinn áhuga, langt út fyrir raðir nemenda og kennara, því allir landsmenn tengjast skólunum á einn eða annan hátt. Fyrir utan auðvitað þá sem starfa beint í skólunum eru allir með einhverjar tengingar, hvort sem þeir eiga börn eða barnabörn sem ganga í skóla, nú eða tengjast kennurum og öðrum starfsmönnum á einn eða annan hátt.“

Þessa dagana standa yfir viðræður milli starfsmanna KÍ og forsvarsmanna Hringbrautar um mögulegt framhald á verkefninu og þar með gerð nýrrar seríu af „Skólinn okkar“. Þó niðurstaða liggja ekki ennþá fyrir vilja forsvarsmenn útgáfusviðs KÍ koma þeim skilaboðum til félagsmanna að allar ábendingar um áhugaverð umfjöllunarefni eru vel þegnar. Tekið er á móti þeim í netfangið utgafa@ki.is eða í gegnum Facebook- hópinn „Aukum umræðu um kennarastarfið“ sem kennarar eru hvattir til að skrá sig í og taka þar þátt í umræðum.



Jónína Björk Stefánsdóttir segir námsárin í Kennaradeild Háskólans á Akureyri hafa verið afar ánægjuleg. Hún hlakkar til að byrja að vinna í kennslu en það ætlar hún að gera næsta haust.

NÝIR KENNAR- AR ÞURFA HANDLEIÐSLU FYRSTA ÁRIÐ

Hvernig líður nýútskrifuðum kennurum í starfi? Eru móttökur í skólunum eins og vera ber og njóta nýir kennarar stuðnings og leiðsagnar? Hvað má betur fara í kennaranáminu?

Jónína Björk Stefánsdóttir leitaði svara við þessum spurningum í meistaraverkefni sínu við Kennaradeild Háskólans á Akureyri, en hún útskrifast þaðan í vor. Jónína tók vel í að ræða helstu niðurstöður sínar við Skólavörðuna en þó með þeim fyrirvara að þegar viðtalið var tekið var ritgerðarskrifum ekki að fullu lokið.

Jónína er fyrst innt eftir því hvernig hugmyndin að rannsókninni hafi komið til.

„Ég fékk hugmyndina þegar ég var í vettvangsnáminu. Ég hafði ætlað mér að skrifa lokaritgerð um annað efni en var ekki komin almennilega af stað. Svo skaut þessari hugmynd niður í kollinn á mér og sennilega var ástæðan sú að mér varð ljóst hvað það er mikið stökk að fara úr hlutverki kennaranemans, sem býr við utanumhald í háskólanum, og yfir í að verða fullgildur kennari fyrir framan hóp barna í skólafestu,“ segir Jónína.

Hún segir samstarfsfólk í Dalvíkurskóla, þar sem hún stundaði vettvangsnámið, hafa bent sér á að málefni „nýrra kennara“ yrðu einmitt til umræðu á samræðuþingi Akureyrardeildar Delta Kappa Gamma, Beta og Mý. Þetta var síðasta haust.

Jónína greip þetta á lofti og mætti á samræðuþingið. „Þvílík tilfinning að koma þarna og hlýða á fyrirlestrana. Ég var komin með hugmyndina áður, en það var eins og þetta verkefni væri að hoppa í fangið á mér. Í kjölfarið hafði ég samband við umsjónarmann meistaranema við HA og María Steingrímsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri, varð minn leiðbeinandi og fljótlega kom í ljós að hún hafði gert svipaða rannsókn árið 2005. María sagði tímabært að kanna þessa hluti á nýjan leik því á þessu tímabili hefði námið verið lengt úr þremur árum í fimm,“ segir Jónína.

Hlýtt viðmót samkennara

Jónína tók viðtöl við fimm kennara sem eiga það sameiginlegt að vera nýir í starfi. Hún er fús að segja frá meginniðurstöðum en ítrekar að ritgerðin verði ekki fullbúin fyrr en í byrjun maí. „Eitt af því sem ég komst að er að það eru engar sérstakar móttökur þegar nýútskrifaðir kennarar byrja í kennslu. Mínir viðmælendur voru á einu máli um að samkennarar og starfsfólk skólanna hefðu tekið vel á móti þeim og viðmótið hefði verið hlýtt og gott. Hins vegar hefði ekki verið áætluð um leiðsögn þegar fyrstu skrefin væru tekin í skólafundni og viðmælendurnir sögðust hefðu viljað meiri afskipti skólastjórnenda til að byrja með.“

Jónína segir innleiðingarkerfi fyrir nýja kennara hafa borið á góma og koma mætti í veg fyrir að ungir kennarar eyddu dýrmætum tíma í að leita uppi upplýsingar og fleira. Ekki dugi þó að skipa reynda kennara sem leiðsagnarkennara ef þeim er ekki gefinn viðunandi tími til að sinna því verki.

Vinnuálag og tímaskortur eru þekkt fyrirbæri meðal kennara og segir Jónína það hafa áhrif á móttökur nýrra kennara. „Kennararnir sem ég ræddi við töluðu um hversu mikið sjokk það væri að koma inn í skólann og frá fyrstu mínútu mætti segja að starfið væri kapphlaup við tímann. Auk kennslunnar þurfa kennarar að sækja fjölda funda, eiga samskipti við foreldra og leysa úr vandamálum nemenda. Þeir geta því lent í tímahraki við að skipuleggja kennsluna og leggja áherslu

á einstaklingsmiðað nám, en ástæðan er líklega sú að þeir hafa ekki náð sama takti og reynslumeiri kennarar,“ segir Jónína.

Ómetanlegur lærdómur

Kennaranámið er að mati Jónínu mjög gott í flesta staði og hún segir árin í HA hafa verið ljúf og ánægjuleg. „Ég get sannarlega mælt með náminu hér í HA. Þetta hefur verið gefandi og skemmtilegur tími.“

Það má samt alltaf gera betur og Jónína velti því upp í rannsókn sinni og spurði hvað hinir nýútskrifuðu kennarar teldu að vantaði eða mætti betur fara í náminu. „Ég fæ að hluta til mjög áþekka niðurstöðu og María fékk í sinni rannsókn árið 2005, en það er að kennaranemar vilja auka við vettvangsnámið og fá meiri tengingu við skólana og kennsluna. Það er svolítið merkilegt að viðmælendur nú skuli segja það sama og kollegar þeirra gerðu fyrir 12 árum því það var bætt verulega við vettvangsnámið þegar námið var lengt upp í fimm ár.

„Það töluðu allir um að þeir hefðu lært langmest í vettvangsnáminu og einn hafði á orði að gott væri að tala minna um karla og kenningar en meira um það sem gerist í skólafunni og samskipti við nemendur og foreldra,“ segir Jónína og bætir við að einn kennaranna hafi sagt að eftir á að hyggja liti hann á fyrsta árið sitt í starfi sem sjötta árið á kennaranáminu.

„Ég er sammála því að það væri jákvætt skref að auka við vettvangsnámið, enda er það mjög lærdómsríkt. Við lærum mikið um kenningar John Dewey en hann var frumkvöðull stefnunnar Learning by doing og því ættum við að leyfa kennaranemum að fylgja þeirri stefnu betur en gert hefur verið. Leyfa þeim að læra af reynslunni,“ segir Jónína og bætir við að auðvitað sé ekki hægt að kenna allt í náminu, sumt þurfi fólk að læra af reynslunni.

Annað atriði sem Jónína telur að væri gulls ígildi fyrir kennaranema er kennsla í samskiptum, ekki síst þegar kemur að samskiptum í rituðu máli. „Viðmælendur höfðu á orði að það hefði komið þeim á óvart hversu mikið af samskiptum við foreldra færi fram í gegnum tölvupóst. Þeir segja að þjálfun í skrifum væri góð því þessi samskipti þurfa að vera fagleg og kennarar þurfa að gæta orða sinna þarna sem annars staðar.“

Þá telur Jónína að efla mætti kennslu í því að koma fram. „Kennarastarfið snýst að

„Ég get sannarlega mælt með náminu hér í Háskólanum á Akureyri. Þetta hefur verið gefandi og skemmtilegur tími.“

miklu leyti um að standa og tala fyrir framan hóp. Það mætti aðstoða kennaranema við að efla sjálfstraustið í þessum efnum og gera þá betur þjálfaða í mannlegum samskiptum.“

Meira vettvangsnám, þjálfun í samskiptum í kennaranáminu og markviss handleiðsla fyrsta árið er semsagt það sem stendur svolítið upp úr í ritgerð Jónínu. „Innleiðingarkerfi og handleiðsla fyrsta árið eru gríðarlega mikilvæg atriði. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á þörfina á þessu en um leið má handleiðslan ekki verða baggi á kennaranum sem tekur hana að sér. Það verður að búa svo um hnúta að kennari sem tekur að sér að halda utan um nýjan kennara fái afslátt af kennsluskyldu á móti, það gengur ekki að bæta þessu á aðrar starfskyldur. Það er nefnilega þannig að brottfall nýrra kennara er langmest og langlíklegast fyrstu fimm árin í starfi. Við verðum að taka

höndum saman um að aðstoða kennara sem eru að feta fyrstu skrefin – það er betra fyrir þá og skólustarfið í heild.“

Hlakkar til að hefja störf í kennslu

Jónína er sem fyrr segir að ljúka M.Ed-gráðu frá Kennaradeild HA í vor. Hún býr að góðri reynslu, bæði hvaða varðar menntun og fyrri starfsferil. „Ég mun starfa við kennslu frá og með næsta hausti.“ Hún segir mikilvægt að kennarar sinni starfi sínu af áhuga og ástríðu og hafi þannig örvandi og góð áhrif á nemendurna. „Það skiptir miklu máli að vera líflegur í fasi því það nennir enginn að hlusta á kennara halda fyrirlestur ef það skín í gegn að hann hefur ekki áhuga á því sem hann er að tala um. Við getum ekki ætlast til þess af börnum og ungmennum að þau séu eitthvað öðruvísi,“ segir Jónína Björk Stefánsdóttir, meistaranemi og verðandi M.Ed.

Skólavefurinn.is kynsir

Hvar eru löndin í heimsálfunum?

Evrópa Asía Suður-Ameríka
Eyjaálfa Norður-Ameríka Afríka

NÝTT



Margrét Þóra Einarsdóttir og Fjóla Dögg Gunnarsdóttir nota snapp í kennslunni með góðum árangri.

MYNDIR: KARL ESKIL PÁLSSON

SNAPP OG GOOGLE SEM KENNSLUTÆKI

Karl Eskil Pálsson skrifar

„Að menntabúðunum Eymennt standa sex grunnskólar í Eyjafirði og þær hafa verið starfræktar í tvo vetur. Upphafið má rekja til þess að við kynntumst fyrirkomulagi slíkra menntabúða á Samspili, þar sem þátttakendur deila eigin þekkingu og reynslu til annarra kennara sem sækja búðirnar,“ segja þær Ingileif Ástvaldsdóttir, skólastjóri Þelamerkurskóla, og Katrín Fjóla Guðmundsdóttir, deildarstjóri Dalvíkurskóla. Skólavarðan fylgdist með starfi menntabúða Eymenntar í Dalvíkurskóla í lok mars, en þær verða starfræktar sex sinnum í vetur.

Allir velkomnir

„Hingað mætir fólk af sjálfsdáðum eftir hefðbundinn vinnudag og bætir við sig þekkingu. Þetta er allt saman

meira og minna sjálfsprottið og að okkar mati er þetta frábær vettvangur til að stuðla að auknu upplýsingaflæði meðal kennara, tengslamyndun og starfsþróun. Við leitum til kennara um að kynna verkefni, auk þess sem margir bjóðast að fyrra bragði til að halda kynningu á einhverri nýjung í kennsluháttum sem hefur gefist vel. Við vitum til þess að tengsl á milli kennara og sömuleiðis skóla hafa aukist, þannig að við erum afskaplega ánægðar með árangurinn,“ segja þær Ingileif og Katrín Fjóla.

Menntabúðirnar sem haldnar voru í Dalvíkurskóla voru vel sóttar. Sex grunnskólar í Eyjafirði standa að Eymennt, en starfsfólki allra skóla er velkomnið að sækja búðirnar. Í þetta skipti var kastljósínu sérstaklega beint að rafrænum kennsluháttum.

Snapp í dönsku og samfélagsfræði

Skólavardan ákvað að fylgjast með kynningu á því hvernig nota má snapp í skólalastarfinu. Margrét Þóra Einarisdóttir og Fjóla Dögg Gunnarsdóttir úr Brekkuskóla voru með kynninguna. Margrét Þóra kennir dönsku og Fjóla Dögg samfélagsfræði.

„Í samfélagsfræði er mikilvægt að spjalla sem mest. Bekkurinn minn er nokkuð erfiður hvað það varðar og erfitt að ná þeim í umræður þannig að ég íhugaði leiðir til þess að bæta úr því. Mér datt í hug að láta nemendur nota snappið til að leysa ýmis verkefni, svo sem að túlka ýmis hugtök með því að senda mynd á snappinu með viðeigandi texta. Viðbrögðin voru strax afskaplega jákvæð, enda eru krakkarnir flestir nokkuð sleipir í þessu forriti og nota það mikið í samskiptum sín á milli,“ segir Fjóla Dögg.

Nemandi Margrétar Þóru kom að máli við hana einn daginn og spurði um möguleikann á því að nota snapp í dönsku. „Ég svaraði strax játandi og spurði hvernig við ættum að gera það. Þessi nemandi opnaði síðan reikning á snappinu og boltinn fór fljótlega að rúlla. Krakkarnir senda mér og samnemendum sínum snapp og lykiltríðið er að tala og skrifa dönsku. Hver og einn er með dönskusnappið í einn dag og snappar þá af lífi og sál og útkoman er oft á tíðum afskaplega frumleg og skemmtileg. Undirbúningurinn getur orðið ansi mikill, enda leggja sumir mikið á sig til þess að gera snappið sem skemmtilegast.“

Svalur kennari

Þær Fjóla Dögg og Margrét Þóra eru sammála um snappið hafi gefið góða raun sem hjálpartæki í kennslunni. „Krökkunum finnst þetta skemmtilegt og spennandi og ræða þetta mikið sín á milli. Þá er tilganginum náð. Mér finnst þetta frábær viðbót, rafrænir kennsluhættir eru að ryðja sér til rúms og koma til með að aukast í framtíðinni, auk þess sem margir kennarar eru afskaplega áhugasamir,“ segir Margrét Þóra.

„Krakkarnir þurftu að kenna mér ýmislegt í snappinu, sem var allt í lagi og hið besta mál. Þeim fannst kennarinn jafnvel vera svolítið svalur með því að nota snappið sem kennslutæki og ekki dró úr



„Hingað mætir fólk af sjálfsdáðum eftir hefðbundinn vinnudag og bætir við sig þekkingu,“ segja Ingileif Ástvaldsdóttir og Katrín Fjóla Ástvaldsdóttir.



Friðrik Arnarson notar Google til að fara í spurningaleiki.



Áhuginn leynir sér ekki, kennarar hafa ríkan áhuga á nýjum og spennandi kennsluháttum.

ánægjunni að mega segja kennaranum til í þessum efnum,“ segir Margrét Þóra.

Báðar segja þær að kennarar sýni rafrænum kennsluháttum aukinn áhuga. „Líklega langar flesta kennara til að vera virkir í þessum efnum. Eitt skrefið er að sækja hugmyndasmiðjur á borð við Eymennt. Síðan er um að gera að tala saman, hugmyndirnar koma venjulega á færbandi, enda möguleikarnir óteljandi.“

Spurningaleikir í landafræði

Höldum næst á kynningu Friðriks Arnarsonar, deildarstjóra Dalvíkurskóla, á spurningaleik út frá Google Maps og Google Street View.

„Á Google er að finna forrit sem heitir GeoGuessr og þar er hægt að fara í spurningaleiki. Þátttakendur þurfa að svara því hvar í heiminum myndin sem birtist á skjánum er tekin. Ég hef nýtt mér þennan leik á unglingsstigi, tók fyrstu skrefin snemma á þessu ári. Ég sótti Google ráðstefnu í Reykjavík, þar sem sýndir voru ýmsir möguleikar. Þessi námsleikur getur

verið hagkvæmur sem uppfylling í tíma, eða ef brjóta þarf upp starfið í kennslustofunni. Í þessum leikjum er hægt að fara margar leiðir, til dæmis að finna fræga staði, vinsæla ferðamannastaði eða jafnvel þekktu íþróttaleikvanga, svo dæmi séu tekin,“ segir Friðrik.

Möguleikarnir óþrjótandi

Hann segir að nemendur læri auk þess að nýta sér ýmsa samfélagsmiðla við leit að rétta svarinu. Möguleikarnir séu óþrjótandi. „Við þurfum bara að koma auga á nýja möguleika og tækifæri í kennslu og þá er um að gera að leita sér aðstoðar, til dæmis með því að sækja námskeið eða kynna sér hvað aðrir kennarar eru að gera. Nemendurnir eru afskaplega áhugasamir um þetta allt saman og svona lagað lífgar upp á lífið og tilveruna. Allir kennarar vilja bæta sig og fjölga verkfærum í kistunni sinni. Ég býst við að grípa til þessara leikja næsta vetur og vonandi hef ég lært eitthvað nýtt í millitíðinni,“ segir Friðrik Arnarson, deildarstjóri Dalvíkurskóla.

FINNSKA LEIÐIN KOMIN ÚT Á ÍSLENSKU

Bók dr. Pasi Sahlberg um leiðina hefur vakið athygli um heim allan.

Félag grunnskólakennara hefur látið þýða og gefa út bókina „Finnska leiðin 2.0. Hvað getur umheimurinn lært af breytingum í finnska

skólakerfinu?“ eftir finnska fræðimannin dr. Pasi Sahlberg.

„Hvarvetna í heiminum er mönnum orðið ljóst að skólarnir, eins og þeir eru nú á dögum, munu ekki geta veitt nemendum tækifæri til að læra það sem verður nauðsynlegt að kunna í framtíðinni. Alls staðar í heiminum ríkir þörf fyrir betri kennslu og nám og skilvirkari menntun á jafnréttisgrundvelli,“ skrifar Pasi Sahlberg í inngangi Finnsku leiðarinnar.

Það má segja að megininntak Finnsku leiðarinnar sé að umbætur á skólakerfum snúist um að skapa ungmennum góðar aðstæður til að verða áhugasamir námsmenn, ánægðir einstaklingar og hugmyndaríkir borgarar.

„Talsmenn alþjóðlegu umbótastefnunnar í menntun (sem Sahlberg hefur gefið hið ágæta nafn GERM, eða sýkill) gætu fullyrt að markmið þeirra væri einmitt þetta en starfshættir sem þeir hafa innleitt í skólana hafa að mestu leyti haft öfug áhrif. Í hverju landinu á fætur öðru hefur stöðlunarstefnan þrengt námskránnar, dregið úr vinnugleði, minnkað metnað, aukið kvíða og hamlað árangri jafnt nemenda sem kennara,“ segir Ken Robinson í eftirmála bókarinnar.

Félögum í KÍ býðst að kaupa bókina á sérstökum kjörum í gegnum Mínar síðar. Bókin fæst líka í bókabúðum. Finnska leiðin hefur verið þýdd á fjölda tungumála og gefin út víða um heim. Íslenska þýðingu annaðist Sigrún Á. Eiríksdóttir.

Finnska leiðin 2.0

Hvað getur umheimurinn lært af breytingum í finnska skólakerfinu?

Pasi Sahlberg

Þýtt af Pasi Sahlberg

© 2014 Pasi Sahlberg

ISBN 978-9935-2-1111-1

9 78993521 1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

1111

Nýtt á Íslandi

Perlur sem ekki þarf að strauja, einungis sprauta vatni yfir og perlurmar límast saman.

Varmás - Skólavörur
Markholt 2, Mosfellsbæ
sími 566-8144



Kennarasambandið hefur lengi bent á núverandi og fyrirsjáanlegan kennaraskort. Málið var rætt á ársfundi KÍ í mars síðastliðnum.

GETA KENNARAR SJÁLFUM SÉR UM KENNT?

Á ársfundi KÍ var fjallað um litla ásókn ungs fólks í kennaranám. Mikið var rætt um að bæta þyrfti ímynd starfsins – sem veltir upp spurningunni um hvort staðan sé kennurum sjálfum að kenna?

Eins og fram kemur í umfjöllun annars staðar í blaðinu er full ástæða til að hafa áhyggjur af núverandi og yfirvofandi kennaraskorti á Íslandi. Kennarasambandið hefur lengi bent á vandann og leggur mikla áherslu á að tekið verði á honum. Vegna þess efndi forysta KÍ til umræðu um málið á ársfundi Kennarasambandsins 2017, sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík í lok mars. Umræðan fór fram í pallborði og hófst strax að loknu setningarárvarpi Þórðar Á. Hjaltested, formanns KÍ, og hátíðarárvarpi Kristjáns Þórs Júlíussonar, mennta- og menningarmálaráðherra, en báðir tóku

þátt í umræðunum. Auk þeirra voru við pallborðið Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umræðunum stjórnaði Aðalbjörn Sigurðsson, útgáfu- og kynningarstjóri Kennarasambands Íslands.

Allir taki þátt

„Þetta er dæmigert verkefni sem menn þurfa að setjast saman yfir og ekki drekkja sér í áhyggjum heldur reyna að teikna upp einhverja lausn,“ sagði Kristján Þór

Júlíusson þegar allir þátttakendur í pallborðinu voru spurðir hvort staðan væri ekki alvarleg. „En ráðuneytið mun aldrei leysa þetta eitt, því verður ekkert til að dreifa. Þannig að kennarar verða að koma að þessu, Heimili og skóli verða að koma að þessu, sveitarfélögin verða að koma að þessu, líka menntamálaráðuneytið og stofnanir þess og ekki síst þær stofnanir sem bera ábyrgð á menntun stéttarinnar. Þannig að það er að ýmsu að hyggja og ég kvíði því ekkert að takast á við það verkefni, vitandi að þekkingin á þessum sviðum hér á landi býður upp á að við ráðum við þessa vinnu. Það er bara mín

einlæga skoðun," sagði Kristján Þór.

Umræðan var að stórum hluta á þessum nótum, talað var um samstarf og samstillt átak. Svandís Ingimundardóttir sagði til að mynda að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði í nokkurn tíma verið með málið til skoðunar og að þar á bæ vildu menn hugsa í lausnum. Hún varpaði upp þeirri spurningu hvað það væri sem hvetti ungt fólk til að skrá sig í kennaranám? „Eru hvatar í kerfinu til þess eins og til dæmis í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna? Þar er verkfæri sem hægt væri að nýta ef að samkomulag næðist.“ Svandís nefndi möguleika á afslætti á endurgreiðslum lána ef farið væri í kennaranám, sem og að hægt væri að bjóða upp á launað kandidatsár. Taka þyrfti samtalið enda væri málið ennþá allt á umræðustigi.

Bæta þarf ímyndina

Þátttakendum í pallborðsumræðunum varð tíðrætt um ímynd kennarastéttarinnar. Hún væri ekki nægilega góð og kæmi í veg fyrir að ungt fólk skráði sig í kennaranám.

„Staðan einkennist af ákveðnum neikvæðum spirál sem við erum stödd í,“ sagði Dagur B. Eggertsson. „Ég held að það sé alger samstaða um að þetta sé stórt vandamál og mikið áhyggjuefni að það vanti nýliðun í kennarastéttina og það vanti að gera starfið eftirsóknarvert. En mjög margt í umhverfi kennslunnar, kennara og

skólastarfs einkennist af átökum og ákveðnu vantrausti og í þessum hörðu átökum þá tapast svolítið fljótt þessi jákvæða mynd af áhugaverðu og skapandi starfi sem gefur mikið þeim sem því sinnir,“ sagði Dagur. Hann sagðist hafa rætt við marga unga kennara síðustu mánuði og allir væru sammála um að starfið væri áhugavert. Það væru vissulega mikil samskipti við foreldra en það væri einfaldlega hluti af starfinu. Nemendurnir væru einfaldlega frábærir „en bara þessi neikvæðni, hún er að drepa mig!“ væru skilaboðin sem ungir kennarar bæru til borgarstjórans.

Hrefna Sigurjónsdóttir sagðist fagna því að ýmislegt væri í bígerð til að fjölga nemendum við kennaradeildir háskólanna, enda hefðu foreldrar miklar áhyggjur af stöðunni. Hún benti á að strax þyrfti að taka á vandanum og auka virðingu fyrir kennarastarfinu. „Og hvernig náum við að auka virðinguna? Ja, sannarlega ekki eingöngu með umræðu sem kalla má neikvæða heldur þarf líka að draga fram kosti starfsins.“ Hún benti á að erfiðar kjaradeilur gætu þar haft áhrif og að hún þyrfti ekki að leita langt til að finna dæmi um slíkt. „Ég starfaði sem kennari og hætti að kenna eftir langt verkfall. Það dró svolítið úr manni máttinn að lenda í því og ég fór og leitaði á önnur mið.“

En hvað með kjörin?

Hrefna nefndi kjör kennara í þessu

samhengi en það vakti vissulega athygli að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga í pallborðsumræðunum fóru framhjá þeim eins og kettir í kringum heitan graut. Þórður Á. Hjaltested lagði hins vegar megináherslu á kjörin og starfsaðstæður kennara þegar hann ræddi hvernig hægt væri að fjölga kennaranemum. „Ég myndi án vafa byrja á að tala um samkeppnishæfi starfsins miðað við aðrar háskólastéttir,“ sagði hann og bætti síðan við: „Við erum föst á taxtalaunum í kjarasamningum, það er ekkert launaskrið og það hefur verið margsýnt að ef við förum ekki í aðgerðir, þá höfum við verið að dragast aftur úr. Kennarar eru fastir í þessum vítahring sem nauðsynlegt er að brjóta upp.“

Borgarstjóri kom örlítið inn á kjaramálin og sagði að þar hefðu stór skref verið tekin síðustu misseri. „Það verður líka að lyfta því sem þó hefur verið gert, því annars situr alls konar ungt fólk heima í stofu með þá tilfinningu að kennarar séu með 250 þúsund krónur í laun og þurfi að vinna myrkranna á milli. Það er rétt að kennarar þurfa að vinna myrkranna á milli en þeir eru ekki með 250 þúsund krónur í laun,“ sagði Dagur.

Laun kennara hafi hækkað umfram önnur laun síðustu misserin. „Og kennarafélögin geta klappað sér á bakið fyrir að hafa náð fram þessum kjarabótum, vegna þess að það var mikið brekka að berjast fyrir þeim. En nú er umræðan komin út á þetta



viðkvæma svæði sem kjaramál eru alltaf. Við vorum svolítið á milli tveggja elda, eins og þið vitið, í þessu SALEK umhverfi öllu saman. Við hjá borginni vorum að vinna að því með kennarafélögum að hækka kennara umfram aðra gegn því að sýna fram á ákveðna hagræðingu þar á móti. Þess vegna var sú hagræðing ekkert launungarmál þegar við vorum að tala um þetta. En við fengum engu að síður gusurnar hinum megin frá fyrir að kennarar væru að hækka miklu meira en aðrir. En við fengum hvergi fram hóp sem sagði – já, kennarar voru hækkaðir og það er gott fyrir samfélagið.“

Aukinn stuðningur

Umræðurnar stóðu í rúma klukkustund og margt var þar nefnt. Eitt af því var aukið álag á kennara sem meðal annars stafaði af sífellt auknum foreldrasamskiptum. Fyrirspurn um hvað hægt væri að gera til að minnka það álag var beint til framkvæmdastjóra Heimilis og skóla. Hrefna sagði í því sambandi að þar hefði „Skóli án aðgreiningar“ mikil áhrif en að ný úttekt á skólafestunni, og vinnuhópur sem ætti að fara ofan í saumana á henni, vektu bjartsýni um breytingar. „Að farið verði að vinna að frekari lausnum og að það verði betri stuðningur inni í skólunum. Margir foreldrar upplifa það sem svo að það sé ekki nægur stuðningur við börn sem þurfa sérúrræði og að það þurfi jafnvel fleiri

„Mjög margt í umhverfi kennslunnar, kennara og skólustarfs einkennist af átökum og ákveðnu vantrausti og í þessum hörðu átökum þá tapast svolítið fljótt þessi jákvæða mynd af áhugaverðu og skapandi starfi.“

sérkennara eða námsráðgjafa, eða einhvers konar betri og markvissari stuðning sem ég held að myndi léttja álaginu af kennurum og foreldrum til jafns. Við erum auðvitað öll að vinna að sama markmiðinu, sem er að koma börnunum okkar til manns,“ sagði Hrefna.

Förum ekki leið markaðarins

Dagur B. Eggertsson benti einnig á að menntakerfið einkenndist um of af boðvaldsaðferðum sem ekki endurspegluðu það traust sem kennarar þyrftu að njóta.

„Ég held að við séum að sumu leyti föst í menntapólitík sem grasseraði alþjóðlega fyrir 15 árum, þar sem talað er um að hið opinbera geti aldrei gert neitt rétt. Því þurfi að innleiða hugmyndafræði markaðarins og mælikvarða einherrar fyrirtækjamenningar þar sem meginatriðið er að geta sagt skólustjórum hratt upp ef þeir eru ekki að standa sig. Og það er talað um að það sama eigi við um kennara og ég held að við þurfum að gera svolítið upp við þetta. Því að ef PISA

hefur sýnt okkur eitthvað alþjóðlega er það að þau skólakerfi sem hafa hoppað á þessa hugmyndafræði, fóru að einkavæða skóla í stórum stíl, að staðla og stytta kennaranám og svo framvegis, þau skólakerfi hafa verið í frjálsum falli.“

Eins og að stýra skipi

Það er kannski ágætt að enda þetta á orðum menntamálaráðherra sem sagði að verkefnið sem biði væri kannski ekki óáþekkt starfi skipstjórans:

„Ég hef staðið í þeirri stöðu að stýra skipi, járnhólki með 15 karlpunga innanborðs og vélin byrjar að hiksta og það er skítabræla. Í þeirri stöðu blasir við það verkefni að við ætlum að komast heilir í höfn. Þá verða allir að ganga til verka og nýta alla þá þekkingu sem þeir búa yfir til að drusla okkur heim. Þetta er bara ekkert öðruvísi verkefni. Við höfum verk að vinna. Það gengur ekki að einhver einn úr þessari 15 manna áhöfn eigi að leysa það. Við eigum að standa saman.“

FÆKKUN KENNARA- NEMA AÐ HLUTA RAKIN TIL LENGINGAR NÁMSINS



Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri ná í dag ekki að brautskrá nægilega marga kennara til að viðhalda eðlilegri nýliðun í kennarastéttinni.

„Stjórnvöld eru hvött til að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir aðsteðjandi kennaraskort á Íslandi.“ Á þessum orðum hefst frétt sem birtist á vef Ríkisendurskoðunar 27. febrúar. Þar er sagt frá nýrri stjórnvölduúttekt stofnunarinnar sem ber heitið „Kostnaður og skilvirkni kennaramenntunar. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri“.

Niðurstöður skýrslunnar koma skólafólki vart á óvart. Aðsókn í kennaranám við báða háskólana hefur minnkað, og af því leiðir að sífellt færri leggja stund á kennaranám. Ályktunin sem dregin er af þessari stöðu er einföld; „Minnkandi aðsókn í kennaranám við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri er alvarleg vísbending um yfirvofandi kennaraskort hér á landi“.

Tölurnar bak við þessar niðurstöður eru grafalvarlegar. Haustið 2016 voru samtals 214 nýnemar skráðir við kennaradeildir HÍ og HA miðað við 440 árið 2009 (mynd1). Fækkunin nemur því 51%. Á sama tíma fækkaði skráðum nemendum við skólana tvo um 35% (mynd2). Afleiðingin er dregin saman í einni setningu í skýrslunni. „Nú er svo komið að háskólarnir ná ekki að brautskrá nægilega marga kennara til að viðhalda eðlilegri nýliðun í kennarastéttinni.“

Kennarar í öðrum störfum

Ríkisendurskoðun fullyrðir að stjórnvöld hafi í raun flotið sofandi að feigðarósi. Ekki hafi verið hugað að dvínandi aðsókn í kennaranámið og því þurfi stjórnvöld að bregðast strax við. Fækkun kennaranema geti meðal annars haft í för með sér minni möguleika nemenda á sérhæfingu sem aftur þýði að menntun þeirra verði einsleitari. „Það getur aftur á móti leitt til minni gæða í skólastarfi og haft slæm áhrif á námsárangur barna og unglinga.“

Vandinn sé hins vegar ekki bara yfirvofandi heldur hafi skortur á leikskólakennurum verið viðvarandi síðustu ár. Ástæðunnar sé ekki einungis að leita í því að of fáir mennti sig í faginu. „Um þriðjungur stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum er nú skipaður leikskólakennurum en lög kveða á um að



þeir skuli að lágmarki vera tveir af hverjum þremur. Í desember 2015 störfuðu 1.758 menntaðir leikskólakennarar í leikskólum en 2.992 leyfisbréf hafa verið gefin út til þeirra frá árinu 2009. Ljóst er því að fjölmargir leikskólakennarar starfa ekki við fag sitt.“

Einnig er bent á að einungis helmingur menntaðra grunnskólakennara starfi í dag við kennslu. Vandinn verði því ekki eingöngu leystur með fjölgun kennaranema heldur þurfi líka að laða menntaða kennara, ekki síst hina yngri, til starfa við skólana. Ein leiðin til þess sé að tryggja viðunandi starfsaðstæður þannig að kennarar haldist lengur í starfi en raun ber vitni.


Laun og lengd námsins

Tekið er fram að erfitt sé að fullyrða hvað valdi minnkandi aðsókn í kennaranám. „Ýmsar ástæður hafa verið nefndar, t.d. að nemendur séu tregir til að verja tíma sínum og fé í fimm ára nám sem áður tók þrjú til fjögur ár. Verulega dró úr aðsókn í grunnnám til kennsluréttinda hjá opinberu háskólunum eftir árið 2009 þegar fyrsti hópur nemenda hóf nám eftir lengingu þess í fimm ár. Þá er einnig ljóst að launa- og starfskjör kennara geta haft veruleg áhrif á aðsókn í námið.“


En fleiri þættir eru einnig taldir til. „Almennt virðist efnahagsástand hafa talsverð áhrif á aðsókn í háskólanám. Minni aðsókn er í nám þegar atvinna er næg en í samdrætti eykst hún,“ segir í skýrslunni.

Ríkisendurskoðun tekur fram að nánast tvöfalt fleiri nýnemar hafi skráð sig til náms við Háskóla Íslands árið 2009, þegar áhrifa efnahagshrunsins gætti sem mest, en „góð-ærisárið“ 2007. Þetta átti hins vegar ekki við um kennaranámið. „Þar fækkaði nemendum milli árunna 2009 og 2007. Þetta styrkir kenninguna um að lenging kennaranámsins árið 2009 hafi haft veruleg áhrif á minnkandi aðsókn.“

2.3 Skráðir nýnemar í grunnnám til kennsluréttinda 2009–16*



2.2 Skráðir nemendur við kennaradeildir HÍ og HA 2009–16*



Skólar í dag vel mannaðir

Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um að staðan hafi oft verið verri en hún er í dag, til að mynda í grunnskólum landsins. „Mun færri kennarar án kennsluréttinda starfa við kennslu nú en áður. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru þeir á bilinu 13–20% á árunum 1998–2008. Árið 2012 voru 4,1% kennara án kennsluréttinda en hlutfallið hækkaði í 5,4% árið 2015. Mikilvægt er að það aukist ekki frekar og því nauðsynlegt að huga vel að nýliðun og að menntaðir kennarar haldist í starfi,“ segir í skýrslunni.

Að lokum er farið nokkuð ýtarlega yfir styrk- og veikleika kennaranáms við HÍ annars vegar og HA hins vegar. Talað er um að kennaranámið við Háskóla Íslands sé ódýrara en námið á Akureyri, en það er aðallega rakið til stærðarhagkvæmni. Námið á Akureyri sé hins vegar skilvirkara en í

„Fækkun kennara-nema getur haft í för með sér minni möguleika nemenda á sérhæfingu sem aftur þýði að menntun þeirra verði einsleitari.“

Reykjavík, þar sem hærra hlutfall þeirra sem skrú sig í námið klári það. Hvorug staðreyndin breyti því þó að fjölga þurfi kennaranemum við skólana tvo – og það strax.

Amy O'Tool hefur undanfarin ár ferðast um heiminn og rætt mikilvægi þess að breyta kennsluháttum í vísindum, sem hún telur að fæli stúlkur frá ákveðnum greinum.

VILL FJÖLGA STÚLKUM Í VÍSINDUM

Lítill rannsókn á býflugum vakti áhuga Amy O'Tool á vísindum. Hún vill breyta því hvernig vísindi eru kennd í skólum, enda fæli kennsluaðferðirnar stúlkur frá ákveðnum fögum.

Ársins 2010 verður hér á Íslandi einna helst minnst fyrir eldgosid í Eyjafjallajökli sem vakti heimsathygli fyrir að trufla þúsundir flugferða um Evrópu og raunar víðar. En á sama tíma og ógnarstór gosmökkurinn gnæfði yfir Suðurlandi unnu tuttugu og sex grunnskólanemendur í bænum Blackawton í Bretlandi hörðum höndum að „lítilli“ vísindarannsókn sem átti eftir að vekja meiri athygli en nokkuð þeirra átti von á. Í grunninn gekk rannsóknin út á að kanna hvort býflugur væru gáfaðar. Til að komast að því ákváðu nemendurnir að kanna hvort flugurnar gætu leyst ákveðnar þrautir.

Allar voru þrautirnar fremur einfaldar, allavega á mælikvarða okkar manna. Fimm flugur voru settar í kassa og í kassanum var spjald með nokkrum hringjum, grænum, gulum og bláum á lit. Sykurvatni var komið fyrir á nokkrum hringjanna eftir ákveðnu mynstri sem breytt var tvisvar meðan á rannsókninni stóð. Markmiðið var að kanna hvort flugurnar myndu átta sig á samhenginu. Hér er óhjákvæmilegt að vitna beint í grein sem nemendurnir skrifuðu um rannsóknina til að greina frá helstu niðurstöðum sem voru; Bees—seem to—think! eða býflugur virðast hugsa!

Það var greinin sem nemendurnir skrifuðu sem að endingu vakti athygli á þessari áhugaverðu rannsókn, en svo fór að hún var ritrýnd og í kjölfarið birt í vísindaritinu „Royal Society’s Biology Letters“. Einn höfundanna, Amy O’Tool, var á þessum tíma tíu ára gömul. Hún var meðal þeirra nemenda sem höfðu verið valin til að leiða rannsóknina og varð þarna ein yngsta manneskjan í sögunni til að fá birta eftir sig ritrýnda grein í vísindatímariti. Ekki lítið afrek það, sérstaklega þegar horft er til þess að áður en Amy tók þátt í rannsókninni hafði hún ekkert sérstaklega mikinn áhuga á slíkum rannsóknum, eða vísindum yfir höfuð.

Breytinga er þörf

Einhver lesandi Skólavörðunnar gæti nú spurt af hverju hér er verið að fjalla um sjö ára gamla rannsókn og vísindagrein breskra grunnskólabarna. Ástæðan er að áður nefnd Amy O’Tool hefur frá því að greinin birtist ferðast um heiminn og talað um vísindakennslu og hvernig þær kennsluáferðir sem notaðar eru virðast fæla stúlkur frá því að leggja ákveðnar greinar fyrir sig. Hún

talari í fyrirlestrum sínum um nauðsyn þess að breyta kennsluháttum og að vekja þurfi kennara til umhugsunar um málið. Amy var hér á landi á dögum í tengslum við Málþing um náttúrufræðimenntun, en það fór fram í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ dagana 31. mars og 1. apríl. Við það tækifæri fékk útsendari Skólavörðunnar tækifæri til að setjast niður með henni og við byrjuðum á að ræða rannsóknina.

„Ég fékk þarna tækifæri til að kynnst því hvernig raunverulegar rannsóknir eru gerðar og um leið hvernig vísindamenn vinna, í stað þess að þurfa að lesa um það í kennslubókum. Vegna þess að kennslan byggði á verkefnum og þátttöku nemenda voru okkur ekki sett nein mörk eða fyrirfram ákveðnar væntingar, sem er afar ólíkt hefðbundinni vísindakennslu þar sem námið miðast við að undirbúa nemendur fyrir það að standast próf. En þarna uppgötvaði ég að vísindi eru ekki það sem ég læri í skólanum, heldur gefa þau þér færi á að rannsaka hluti og prófa þig áfram með það að markmiði í rauninni að breyta heiminum. Eitt af því sem ég hef áttað mig á er að mjög margt uppgötvast í raun fyrir mistök. Dæmið sem ég nota oft er af „olíunni“ WD40, en nafnið er dregið af því að efnið uppgötvaðist í fertugustu tilraun við að fullkomna uppskriftina. Þannig að það að gefast ekki upp, sætta sig við mistök, halda áfram að rannsaka og prófa sig áfram er afar mikilvægt,“ segir Amy.

Býflugurnar kveiktu áhuga

Lítill möguleiki sé hins vegar á því í hefðbundnu námi, sem hún telur eina ástæðu þess að fáar stúlkur velji að leggja fyrir sig vísindagreinar í skóla. „Þegar horft er á breska skóla á landsvísi kemur í ljós að kynjahlutföll í námsgreinum sem tengjast vísindum eru alltaf svipuð, þ.e. strákar eru um 90% á móti 10% stúlkna. Þarna er greinilega pottur brotinn og það er einhver ástæða fyrir því að stúlkur leita ekki í þessi fög. Eftir að ég áttaði mig á þessu settist ég niður og spurði sjálfa mig – af hverju elska ég vísindi? Svárið var að rannsóknin um býflugurnar kveikti þennan áhuga og mín niðurstaða er því að ef við getum breytt kennsluháttum þá getum við vakið áhuga mun fleiri stúlkna en áður á vísindum. Ég settist í framhaldi niður með nokkrum kennurum og spurði þá hvort ég væri á

„Þarna uppgötvaði ég að vísindi eru ekki það sem ég læri í skólanum, heldur gefa þau þér færi á að rannsaka hluti og prófa þig áfram.“

réttri leið með þetta, hvort þeir væru mér sammála. Þeirra svar var já, að vegna þess hversu litla möguleika kennarar hefðu á að leyfa nemendum að taka þátt í verkefnum og prófa sig áfram, þá vekti námið ekki áhuga stúlkna. Þær leituðu því á önnur mið og veldu frekar fög á borð við listir, vefnað o.s.frv. Það er þetta sem ég vil vekja athygli á.“

Takmarkað svigrúm

Vonastu til að fyrirlestrarnir þínir og sú staðreynd að þú ert að segja frá þinni reynslu muni breyta menntakerfinu?

„Já, ég er klárlega að vonast eftir því að menntakerfið breytist en ég geri mér engar grillur um að fyrirlestrarnir mínir geri það einir og sér. En ég er að vonast til að vekja athygli á málinu með því að ræða þessi mál hvar og hvenær sem ég hef tækifæri til þess. Þó ég breyti kerfinu ekki sjálf get ég sagt kennurum frá minni reynslu og þeirri skoðun minni að það sé lögð alltof mikil áhersla á að undirbúa nemendur fyrir próf. Það hefur líka áhrif á kennara sem vegna þessa hafa ekki tækifæri á að vera skapandi og hvetja nemendur til dáða. Ég var einmitt að tala við eðlisfræðikennarann minn á dögum, þann sem stóð að baki býflugna–rannsókninni, og hann tók undir þetta. Hann sagðist hafa metnað til að hvetja nemendur til dáða og vekja áhuga þeirra með beinum hætti á eðlisfræði. Hann hefði einmitt upplifað það sjálfur að til þess væri alltof lítið svigrúm í skólakerfinu og að því þyrfti að breyta.“

Erling Ragnar Erlingsson, sviðs-
stjóri Miðlunarsviðs, en undir
það fellur öll námsgagnagerð
Menntamálastofnunar.

„MATADORPENINGAR“ HORENIR ÚR BÓKAÚTGÁFUNNI

Menntamálastofnun hefur afnumið kvóta á hversu mikið af námsbókum hver skóli getur pantað á hverju ári. Stofnunin á um milljón skólabækur á lager og vill leggja áherslu á rafræna útgáfu á næstu árum.

Líklega finnst öllum það sjálfsagt að kennarar og nemendur í grunnskóla hafi aðgang að fyrsta flokks kennsluefni á hverjum tíma. Að stöðugt sé verið að endurnýja skólabækur og önnur kennslugögn til samræmis við allra nýjustu upplýsingar og þekkingu. Árum saman hafði Námsgagnastofnun þetta hlutverk með höndum en með tilkomu nýrrar Menntamálastofnunar fluttist verkefnið til. Útgáfa á kennsluefni heyrir nú undir

Miðlunarsvið Menntamálastofnunar og frá því í nóvember í fyrra hefur Erling Ragnar Erlingsson leitt starf sviðsins. Útsendari Skólavörðunnar settist niður með Erling á dögunum til að ræða við hann um verkefnið sem unnin hafa verið og þau sem bíða. En við byrjum að spyrja út í stöðuna á útgáfu námsgagna.

„Ég held að staðan sé að flestu leyti góð, en þó er það svolítið misjafnt eftir fögum. Í

sumum greinum hefur útgáfan verið mjög öflug og í öðrum hefur krafturinn ekki verið sá sami, eins og gengur. Við sjáum að í t.d. náttúrufögnum er mikið af því kennsluefni sem nú er á boðstólum komið til ára sinna. Á móti hefur á síðustu árum verið gefið út gríðarlega mikið efni sem tengist lífsleikni. Ég ætla ekki að dæma um hvort er mikilvægara, en ég hef alveg spurt mig hvort áherslurnar hafi alltaf verið réttar. En það

er auðvitað mjög erfitt þegar þú ert í þessari hringiðu að sjá hvar þörfin liggur nákvæmlega þó auðvitað sé alltaf reynt að gefa út það efni sem talin er þörf fyrir. Á bak við það er heilmikið ferli — við erum með rýnihópa, fáum ábendingar frá kennurum o.s.frv. — þannig að við sitjum ekkert hér í einhverjum filabeinsturni og tökum geðþóttaákvörðanir um útgáfu. En það er auðvitað erfitt að finna jafnvægi í útgáfunni og ég er ekkert að segja að það hafi náðst núna. En við erum alltaf að reyna.“

Aflögðu flókið kerfi

Eitt fyrsta verkefni Erlings eftir að hann hóf störf hjá Menntamálastofnun var að afnema svokallaðan námsefniskvóta og tók sú breyting gildi um áramótin. Fyrir þá sem ekki þekkja þá hefur grunnskólum síðustu árin verið úthlutað ákveðinni upphæð á hvern nemenda, sem þeir gátu pantað námsgögn fyrir. Sú upphæð var til dæmis í fyrra 4.911 kr. fyrir hvern nemanda í fyrsta til fjórða bekk, 7.686 krónur á hvern nemanda í fimmta til sjöunda bekk og 7.992 kr. á hvern nemanda í áttunda til tíunda bekk. Hver námsbók var síðan verðlögð og „seld“ hverjum skóla fyrir sig.

„Kvótinn hefur verið lengi til staðar. Námsgagnastofnun hafði hér áður fyrr augljóslega það hlutverk að útvega skólunum námsgögn en hún var líka að selja námsgögn á almennum markaði, sem aftur kallaði á að bækur yrðu verðlagðar. Kerfið þýddi síðan að hver skóli gat pantað bækur fyrir ákveðna upphæð en þetta voru í raun sýndarviðskipti því það skiptu engir peningar um hendur. Sjálfur kallaði ég þetta viðskipti með Matadorpeninga. Í lok síðasta árs var hins vegar ákveðið hér innanhúss að fara út úr virðisaukaskattsumhverfinu sem þýðir að ekki er lengur möguleiki fyrir okkur að selja bækur á almennum markaði. En það var svo sem ekki eina ástæðan fyrir því að þessi breyting var gerð. Við vildum líka einfalda okkur lífið því gamla kerfinu fylgdi mikil vinna. Það þurfti til dæmis að skrá hvað hver skóli var búinn að nota mikið af sínum kvóta, hvað hver skóli hafði pantað bækur fyrir háar upphæðir o.s.frv. Í gamla kerfinu gátu skólar líka endursent bækur um áramót og flutt inneign sína milli ára sem kallaði á mikið utanumhald. En þó breytingin létti okkur mjög lífið er stóra ástæðan fyrir henni sú að skólar gátu í

gamla kerfinu ekki alltaf pantað það náms efni sem þeir þurftu, sem er augljóslega ekki í lagi. Við liggjum hér með tæplega milljón kennslubækur á lager (titlarnir eru um 900) en engu að síður gátu skólarnir ekki pantað þær bækur sem þá vantaði. Það hefur nú verið lagað og við gerum okkur grein fyrir að til að byrja með gæti þetta haft þær afleiðingar að við fáum stærri pantanir en áður því skólar eru að fylla upp í það sem þá vantar. En til lengri tíma litið höfum við trú á að þetta jafnist út því það er enginn hvati fyrir skólana að panta meira en þeir þurfa og liggja þar með sjálfir með bækur á lager.“

Fáir vilja rafrænt námsefni

Menntamálastofnun lauk fyrir skömmu útboði á birgðahaldi og dreifingu námsgagna og í framhaldi var samið við fyrirtækið A4 um að sinna þeim verkefnum. Erling segir að það muni einnig einfalda stofnuninni lífið og um leið gera starfsmönnum kleift að einbeita sér að útgáfustörfunum sjálfum. Þar sé ennþá lögð megináhersla á útgáfu á pappír enda sé eftirspurn eftir rafrænu kennsluefni mun minni en hann átti von á. Engu að síður liggi mikil vinna í rafrænni miðlun. Í dag starfi til að mynda fjórir forritarar fyrir Menntamálastofnun við ýmis verkefni, m.a. að viðhalda þeim vefjum sem stofnunin heldur utan um en líka að uppfæra námsleiki o.s.frv. Erling segist trúa því að

„Við sitjum ekkert hér í einhverjum filabeinsturni og tökum geðþóttaákvörðanir um útgáfu.“

á næstu árum muni vægi rafrænna bóka og útgáfa rafræns kennsluefnis aukast jafnt og þétt. „Nánast allt sem við gefum út á prenti gefum við samhliða út á einhvers konar rafrænu formi. Við gerum bækur aðgengilegar á PDF formi eða sem flettibækur. Við erum líka að prófa okkur áfram með annars konar útgáfu, svo sem að setja kennsluefni á Power Point glærur, enda er þá hægt að hafa til dæmis hljóðskrár og myndbönd inni í kennsluefninu. Við fylgjumst spennit með Microsoft Sway sem nú er verið að þróa og höfum boðið upp á kennsluefni í gegnum Google docs. Ég sé einnig fyrir mér að hægt verði að smíða vefsíður í kringum kennsluefni enda er það miðill sem nemendur

„Við liggjum hér með tæplega milljón kennslubækur á lager en engu að síður gátu skólarnir ekki pantað þær bækur sem þá vantaði“

þekkja. Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég furða mig á hversu lítið er kallað eftir rafrænu kennsluefni. Ég velti því fyrir mér hvort ástæðan sé sú að skólarnir séu ekki nægilega vel tæknilega útbúnir eða hvort ástæðan sé einhver allt önnur. Það breytir því ekki að það er einhver hindrun inni í skólunum varðandi þetta rafræna efni og það er eitthvað sem við þurfum að skoða.“

Breytt umhverfi

Erling bendir á að eitt af því sem hafi haft áhrif á námsgagnagerð síðustu árin sé hversu samfélagið, og þá um leið skólakerfið, hafi breyst mikið á stuttum tíma. Hvers kyns upplýsingar séu einnig aðgengilegri nú en nokkru sinni fyrr. Þetta vekir spurningar

um hvernig námsgagnagerð muni þróast á komandi árum, hvort hún muni til dæmis breytast þannig að námsbækur myndi ákveðinn grunn en þeim til viðbótar hafi kennarar og nemendur aðgengi að rafrænu ítarefni. „Auðvitað finnum við að námsefni úrelidist hraðar í dag en það gerði. Það liggur í hlutarins eðli að upplýsingar sem prentaðar eru í bók breytast ekki þar. Ef notkun á rafrænu efni mun aukast á næstu árum myndi það auðvelda okkur alla endurskoðun á kennsluefninu. En það er því miður ekki orðið. Þannig að við finnum þetta auðvitað en við erum ekki með neina lausn á því enn sem komið er,“ segir Erling Ragnar Erlingsson að lokum.

„HVENÆR ER EITTHVAÐ NÆGILEGA GOTT?“

Ingimar Karl Helgason skrifar

Kennarar og fjölmargir sem tengjast kennslu með einum eða öðrum hætti styðjast við tölvur og fjöldann allan af forritum. Þetta gengur ekki alltaf áfallalaust.

Stundum virka hlutirnir ekki, sem getur valdið vandræðum og töfum ekki síður en aukinni streitu. Ásdís Ingólfssdóttir skrifaði hér í Skólavörðuna fyrir fáum misserum um „Helvítis skítakerfin“ og miðlaði þar reynslu Svía og benti á að þessum þáttum yrði að gefa gaum. Næg væri streitan í starfinu fyrir, þótt álag vegna tölvukerfa bætti ekki á. En hvernig er staðan í þessum efnunum hér á landi? Skólavörðun getur ekki gefið tæmandi yfirlit í þessari grein, en hafði samband við fólk víða að til að forvitnast um stöðu mála.

Almennt virðist fólk telja að notkun tölvu og hinna ýmsu forrita dragi úr álagi og hjálpi heldur til en hitt, þegar á heildina er litið. Hins vegar geta verið undantekningar á því, til að mynda þegar fólk er að hefja notkun á nýju forriti eða kerfi.

Þau tölvukerfi, búnaður og forrit sem eru notuð í kennslu og tengdum störfum þykja almennt góð. Þetta eru hefðbundin stýrikerfi OS og Windows á nettengdum tölvum, og stundum spjaldtölvum. Almenn forrit á borð við tölvupóst eru nýtt, auk þess sem skýjalausnir á borð við GSuite og Google drive eru notuð. Einnig nýtir fólk kennslukerfi Innu, Námfús og síðu á borð við Mentor, svo dæmi séu tekin.

Staðan er örllítið mismunandi eftir stöðum. Þannig er t.a.m. komið spjaldtölvu-umhverfi í Kópavogi og í Garðabæ er unnið eftir fimm ára áætlunum sem m.a. gera ráð fyrir því að tölvubúnaður sé aldrei eldri en 5 ára. Í Árskóla á Sauðárkróki hafa verið stigin markviss skref til að bæta allt tölvuumhverfi kennara með góðum árangri.

Kennsla á kerfin

„Það er að mestu í höndum kennaranna að læra á tölvukerfin, en það hefst með

notkun á þeim. Skilningur er til staðar á því að það getur tekið tíma,“ segir Þórir Andri Karlsson, grunnskólakennari í Reykjavík, aðspurður um þjálfun og kennslu á sjálf kerfin sem notuð eru í kennslunni og í tengslum við hana. Hann telur að almennt dragi notkun tölvubúnaðar úr álagi þegar á heildina er litið.

Guðbjörg Birna Jónsdóttir, deildarstjóri á leikskóla í Reykjavík, bendir á að starfsfólk sé misvel í stakk búið til að læra á tölvubúnað. „Við reynum líka að miðla upplýsingum á milli starfsmanna um hvernig á að gera hlutina, en það er mismikill áhugi hjá starfsfólki á að læra á tölvurnar. Við nýtum þá starfsfólkið með minnstan áhuga á öðrum sviðum.“

Arndís Kjartansdóttir sem starfar við tölvuumsjón hjá Garðabæ telur að kröfur og álag á kennara hafi aukist samfara nýrri tölvutækni, en það muni e.t.v. jafna sig hjá yngri kynslóðum sem alast upp við tæknina. „En fyrir kennara sem eru að tileinka sér notkun tölvutækni þá held ég að álagið sé töluvert meira en það var. Kannski myndi ég ekki kalla þetta óþarfa álag, það eru t.d. mun meiri kröfur um dagleg rafræn samskipti við foreldra sem ég myndi segja að væru ekki óþarfi, heldur nauðsynlegur hlutur til að bæta samskipti og auka upplýsingaflæði milli heimila og skóla. Nýjungar í kennsluháttum, eins og tilkoma spjaldtölvu í kennslu, krefjast mikils undirbúnings og þekkingar af hálfu kennara og kannski ekki allir jafnvel í stakk búnir til að tileinka sér þessa tækni.“ Kerfin verði hins vegar aldrei betri en manneskjan sem notar þau.

„Það sem ég held að skorti helst sé tími fyrir kennara til að tileinka sér kerfin, læra á þau og verða öruggir með notkun þeirra. Við höfum líka hugsanlega verið í einhverjum vandræðum með hugbúnað fyrir kennslu á íslensku,“ bætir hún við.

Krakka- og unglingavefir Menntamálastofnunar eru mikið notaðir í grunnskólanum, en þeir eru gamlir „og fylgir nýjustu tækni ekki nægilega vel – og þar skortir hugsanlega líka fjármagn til að gera betur

„Það er örugglega að valda auknu álagi á kennara og það kemur upp misræmi í kennsluaðferðum – sumir tileinka sér nýja tækni en aðrir ekki.“

Arndís Kjartansdóttir, Garðabæ.

og styðja betur við kennara – útvega þeim kennsluefni og forrit sem henta.“

Óhjákvæmilegt álag

„Álag á kennara er talsvert í upphafi eins og alltaf þegar nýr búnaður eða kerfi er tekinn í notkun. Með tímanum hafa spjaldtölvur þó sýnt að þær geta verið vinnusparandi,“ segir Björn Gunnlaugsson sem heldur utan um innleiðingu spjaldtölvu í grunnskólum Kópavogs. Hann bendir á að þétt þráðlaust net sé nú að finna í öllum grunnskólum bæjarins sem skipti miklu máli í að tryggja að allir hafi örugga tengingu hverju sinni. „Öllum kennurum býðst töluvert úrval námskeiða um möguleika spjaldtölvunnar í námi og kennslu. Einnig eru starfandi kennsluráðgjafar við skólana sem geta veitt aðstoð þegar á þarf að halda.“

Ingvi Hrannar Ómarsson á Sauðárkróki bendir á að í Árskóla sé lögð áhersla á að velja kerfi sem auðveldi starfið. „Áður fyrr vorum við með kerfi sem virkuðu illa og juku á álag. Þá voru kennarar og starfsmenn lengi að skrá sig inn, ekkert þráðlaust net var til staðar, allir unnu í borðtölvum í sínum skólastofum/skrifstofum og nemandur höfðu fá/engin tæki.“ Hann segir að kerfin séu byggð upp á valdeflingu starfsfólks og því að efla tækniþekkingu. Auk þess séu tæki, kerfi og rými hönnuð fyrir samvinnu. Þá fái starfsfólk umtalsverðan stuðning. Það sé starfandi tölvuumsjónar- maður við skólann „og kennsluráðgjafi í upplýsingatækni sem leiðbeinir, auk



upplýsingatæknikennara, safnakennara og forritunarkennara.“

Arndís Kjartansdóttir í Garðabæ segir að kennarar hafi ekki fengið nein sérstök námskeið hjá tölvudeild bæjarins, „en í hverjum skóla er starfandi kennsluráðgjafi sem hefur haldið utan um fræðslu í upplýsingatækni í sínum skóla“.

Fjölgun snjalltækja vandamál

„Okkar helsta vandamál hefur verið nettengingar því tækjum nemenda sem eru í notkun samtímis í skólanum fjölga með ógnarhraða og erfitt hefur reynt að fylgja því eftir með nógu góðu netsambandi. Nú er netsambandið hjá okkur t.d. ekki nógu gott en endurbætur á því eru að hefjast,“ segir Oddný Hafberg, aðstoðarskólustjóri Kvennaskólans í Reykjavík. Hún segir erfitt að svara fyrir kennara um hvort tölvubúnaður hafi aukið álag. „Hvað mig varðar sem stjórnanda þá er alltaf álag að taka í notkun nýtt kerfi en yfirleitt spara þau vinnu og létta manni lífið um leið og maður hefur náð tökum á að vinna í þeim.“

Þegar kennsluumhverfi Innu hafi verið tekið í notkun hafi verið stutt námskeið í boði, „svo reynum við stjórnendur að aðstoða kennara ef þeir lenda í vandræðum og einnig eru kennarar duglegir að hjálpa hver

öðrum. Kerfið er í stöðugri þróun, en alltaf þegar breytingar og viðbætur verða er sent út yfirlit yfir nýjungarnar með útskýringum um hvernig má nota þær“.

Hvenær er gott orðið gott?

„Hvenær er eitthvað nægilega gott?“ spyr Oddný á móti, þegar hún er innt eftir því hvort kerfin séu nógu góð. Kvennaskólinn hafi verið prufuskóli þegar kennslukerfi Innu var fyrst tekið í notkun. Veturinn 2014-15 hafi verið erfiður því margt hafi ekki virkað sem skyldi, því kerfið var í raun ekki fullbúið. Nú virki kerfið hins vegar nokkuð vel. „Inna er í stöðugri þróun og brugðist er við öllum athugasemdum og óskum um breytingar og þær gerðar ef hægt er. Þar sem þetta er sameiginlegt kerfi sem margir skólar nota getur hver einstakur skóli ekki stýrt því hvernig kerfið virkar, heldur verður að vera samkomulag milli skólanna hvað varðar óskir um viðbætur og breytingar.“

Ávinningur sem skilar sér

„Notkun á tölvukerfum einfaldar allt starf kennara, gefur þeim skýra yfirsýn á stöðu nemanda hverju sinni og gerir einstaklingsmiðað nám mögulegt. Notkun á tölvukerfum er grunnur að faglegu starfi kennarans,“ segir Vilborg Einarsdóttir,

framkvæmdastjóri Mentors, en sá búnaður er mjög víða í notkun í skólum. Hún telur að tengingar og tölvukostur séu almennt í þokkalegu standi þótt víða mætti gera betur. Og svo sé einnig á öðrum mikilvægum sviðum: „Skortur á þjálfun og þekkingu til að vinna í kerfum sem skólar nota er mikill. Sem dæmi má taka Mentor-kerfið. Það snýst ekki eingöngu um að læra á kerfið — grunnurinn er að skilja heildarmyndina er kemur að hæfnimiðuðu námi og námsmati samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Skólustjórnendur þurfa að samræma starf kennara og gefa skýrar leiðbeiningar um hvernig vinna á að áætlanagerð og námsmati og hvernig hæfnikortin eru sett upp.“

Vilborg bendir á að nútímasamfélagið bjóði upp á fjölmarga möguleika í samskiptum og það sé fólks að velja þau kerfi sem nota á og nýta þau til fulls. „Þegar verið er að innleiða nýtt kerfi og nýja ferla þá skapar það aukaálag. Sem dæmi má taka að þeir skólar sem eru að innleiða nýja kynslóð af Mentor finna fyrir auknu álagi en segja má að innleiðingin sé fjárfesting þar sem kennarar uppskera ríkulega á næsta skólaári þar sem endurnýta má námslotur, verkefni og námsefni.“



LEIKUR BÝR NEMENDUR UNDIR ÓÞEKKTA FRAMTÍÐ

Kristín Einarsdóttir og Jón Karlsson hafa sett fram kennsluaðferð sem ætlað er að stemma stigu við aukinni kyrrsetu barna.

Það veit sá sem allt veit að börnum er eðlislægt að hreyfa sig en með sífellt auknu aðgengi að stafrænni afþreyingu, tölvuleikjum og samfélagsmiðlum minnkar hreyfingin sífellt. Börn, eins og hinir fullorðnu, þurfa ekki lengur að standa upp til að hafa eitthvað við að vera. Það þarf ekki annað en að rétta barni síma til að halda því uppteknu tímunum saman. Sitjandi.

Það eru ekki bara foreldrar sem hafa áhyggjur af þessari þróun því málið er mikið rætt meðal kennara og í skólakerfinu almennt. Meðal þeirra sem láta sig málið varða eru Kristín Einarsdóttir og Jón Karlsson (Nonni) sem standa á bak við kennsluaðferðina „Leikur að læra“. Sjálf lýsa þau hugmyndafræðinni á bak við verkefnið sem svo að það sé hugsað sem svar við aukinni kyrrsetu barna. „Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki og hreyfingu á skemmtilegan, líflegan og

árangursríkan hátt,“ segja þau þegar útsendari Skólavörðunnar settist niður með þeim á dögnum. „Með leiknum er áhugi barnanna á náminu aukinn og það gert aðgengilegt fyrir hvern aldurshóp, enda eru þarfir og hæfileikar nemenda í hverjum bekk mjög mismunandi. Hreyfing er börnum eðlislæg og rannsóknir á heilastarfsemi barna sýna að þegar barn lærir í gegnum hreyfingu og skynjun man það námsefnið betur og á auðveldara með að endurkalla það og bæta við þekkingu. Upplifunin sem af skynjuninni hlýst hjálpar heilanum að mynda ný taugamót og frá þeim myndast

„Við erum ekki bara að taka bókina frá kennaranum í Leikur að læra, við erum líka að taka borðið og stólinn.“



Jón Karlsson og Kristín Einarsdóttir hafa undanfarin misseri þróað aðferðafræðina „Leikur að læra“.



við töflu og kenni nemendum sem sitja við borð með bók fyrir framan sig og fylgjast með. „Við erum ekki bara að taka bókina frá kennaranum í Leikur að læra, við erum líka að taka borðið og stólinn en komum með önnur verkfæri í staðinn. Kennarar sem eru að stíga sín fyrstu spor í Leikur að læra tileinka sér ákveðna lykilleiki. Kennarinn setur mismunandi bóklega námsþætti inn í leikinn eins og passar hverju sinni út frá þeim markmiðum sem unnið er með. Það má líkja þessu við að kennarinn læri eitt lag en það fari svo eftir getu og aldri nemenda hvaða texti er sunginn við. Kennarinn þarf í byrjun ekki að kunna marga leiki en þegar hann hefur öðlast færni í einum lykilleik getur hann haldið áfram að læra fleiri leiki eða þróað nýja með sínum nemendum með þarfir þeirra að leiðarljósi.“

Engin borð eða stólar eru í kennslustofunni þegar börnum er kennt skv. aðferðafræðinni „Leikur að læra“. Ljósmynd: Árni Brynjólfsson – leikur að læra.

nýjar brautir sem ná að virkja óvirkar stöðvar sem þar eru til staðar.“

Fjarlægjum borð og stóla

Það er Kristín sem er höfundur Leikur að læra. Hún er íþrótta- og grunnskólakennari að mennt og fór árið 2006 að leitast við að nýta leik við kennslu á stærðfræði. Árangurinn var það góður að hún þróaði aðferðafræðina áfram til að nýta við kennslu í öðrum greinum. Niðurstaðan er aðferðafræði sem er ólík þeirri sem kemur upp í huga flestra þegar talað er um skóla. Ekki er gert ráð fyrir að kennari standi upp

Ýtt undir sköpun og sjálfstæði

Miklar breytingar hafa orðið á skömmum tíma á samfélaginu í heild og skólarnir hafa ekki farið varhluta af því. Kristín og Nonni trúa að Leikur að læra aðferðafræðin búi nemendur betur undir þau verkefni sem bíða þeirra þegar skóla sleppir. „Leikurinn gefur svo margt, svo sem samskipti, tungumálið, vináttu og samvinnu auk þess sem hann bætir bekkjarbrag og í raun skólabraginn í heild. Tengingin milli nemenda verður allt öðruvísi og það er svo gleðilegt að verða vitni að því þegar kennarar átta sig á að Leikur að læra gefur allt þetta en er ekki bara stór verkefnabók. Það er afar dýrmætt. Með því að nýta þau tæki sem við erum að smíða er hægt að vekja áhuga nemenda á

námi með öðrum áherslum en áður og nýta önnur skynfæri en tölvutækni krefst. Við teljum að þarna sé að finna verkfæri fyrir kennara til að undirbúa nemendur fyrir óþekkta framtíð. Börn nútímans munu mörg hver vinna störf sem ekki enn hafa verið fundin upp og því þarf menntakerfið að bregðast við því með því að ýta undir sköpun, samskiptahæfni og sjálfstæði nemenda. Alla þessa eiginleika er hægt að þjálf með hugmyndum Leikur að læra, auk þess sem eðlilegri þörf nemenda til að hreyfa sig er gefið gott rými.“

Rekin áfram af ástríðu

Leiðin sem þau Kristín og Nonni fóru til að þróa kennsluaðferðina áfram og koma henni á framfæri við sem flesta var að stofna fyrirtæki og selja skólum aðgang að því efni sem þau vinna og þeirri þekkingu sem þau hafa víðað að sér. „Ástæðan fyrir því að við förum þessa leið er trú okkar á verkefninu og ástríða fyrir því að koma því á framfæri sem víðast. Við vildum því helga okkur verkefninu sem væri útilokað ef við værum í fullu starfi við kennslu. En við þurfum auðvitað líka að eiga fyrir salti í grautinn og því förum við þessa leið. Viðbrögðin við þeirri vinnu sem við höfum lagt á okkur eru afar góð. Þetta er mikil og skemmtileg vinna og eitt af því sem við höfum gert til að láta reksturinn ganga upp er að bjóða upp á endurmenntunarferðir fyrir kennara. Þannig náum við að halda þessu gangandi. En það verður að viðurkennast að í svona starfi þá kemur alltaf upp sá tímapunktur, þegar maður er búinn að vinna ótal mörg kvöld og helgar, að maður veltir fyrir sér hvort það sé ekki best að hætta þessu. En eins og við sögðum áðan þá er það þessi ástríða fyrir verkefninu og jákvæð viðbrögð kennara og nemenda sem hvetja okkur áfram.“



STÆRSTA GJÖFIN ER TÓNLISTIN SJÁLF

Birgir Stefánsson, Einar Dagur Jónsson, Hanna Ágústa Olgeirsdóttir, Jara Hilmarsdóttir og Salný Vala Óskarsdóttir komu fram sem Kvintett úr Töfraflautunni. Þau eru nemendur í Söngskólanum í Reykjavík.

MYNDIR: STYRMIR KÁRI

Lokahátíð Nótunnar – uppskeruhátíðar tónlistarskóla fór fram með pompi og prakt í Eldborg Hörpu sunnudaginn 2. apríl síðastliðinn. Um 140 tónlistarnemendur víðs vegar af landinu komu þar fram.

Nótan var fyrst haldin skólaárið 2009-2010 og er óhætt að segja að hún skipi nú fastan, og um leið veglegan, sess í starfi

tónlistarskóla á Íslandi. Um 90 tónlistarskólar eru starfræktir hér á landi og nemendurnir skipta þúsundum. „Með uppskeruhátíðinni er kastljósinu beint að samfélagi tónlistarskóla og tónlistarnemendum veittar viðurkenningar fyrir afrakstur vinnu sinnar,“ segir á vefsíðu Nótunnar (ki.is/notan).

Tryggvi M. Baldvinsson, forseti tónlistardeildar Listaháskóla Íslands, afhenti aðalverðlaun Nótunnar 2017 en þau komu í hlut Anyu Hrundar Shaddock, nemanda í Tónlistarskóla Fáskrúðs- og Stöðvarfjarðar.

Tryggvi sagði mikinn heiður að fá að afhenda verðlaunin. „Þeim sem er gert kleift að gera tónlistina að ferðafélaga sínum í gegnum líf – gert mögulegt að gera tónlistina hluta af sínu daglega lífi – eru einfaldlega ríkari fyrir vikið,“ sagði Tryggvi meðal annars í ávarpi sínu. Hann sagði alla þátttakendur í Nótunni vera sigurvegara og að stærsta gjöfin í tónlistarnámi væri tónlistin sjálf.

Hér má sjá nokkrar svipmyndir af Lokahátíð Nótunnar 2017.



Svanhildur Lóa Bergsveindóttir lék á marimbu. Verkið sem hún flutti heitir A Cricket Sang and Set the Sun eftir Blake Tyson. Svanhildur Lóa er nemandi í Tónlistarskóla Garðabæjar.



Anya Hrund Shaddock, nemandi í Tónlistarskóla Fáskrúðs- og Stöðvarfjarðar, hlaut Nótuna 2017. Anya lék verkið Clair de lune eftir Debussy á píanó. Við hlið hennar er Vala Guðnadóttir söngkona sem var kynnrir á lokahátíðinni.



Nokkrir úr hópi nemenda úr Tónskóla Do Re Mi sem fluttu PopCorn eftir Stephen L. Lawrence/Gershon Kingsley. Búningarnir eru sérlega skemmtilegir, stelpurnar eru með poppkorns-hárband og óneitanlega minnir yfirbragðið á klassískar poppkornsumbúðir í bíói.



Suzuki-fiðlutemar úr Tónskóla Sigursveins. Þær fluttu Passacaglia eftir Händel/Halvorsen.



Kristín Viðja Vernharðsdóttir flutti einleik á blokkflautu. Húnflutti Largetto e presto úr sönötu í g-moll eftir Händel. Einar Bjartur Egilsson annaðist undirleik.



Jakob Kristjánsson og Patrekur Aron Grétarsson voru fulltrúar Tónskóla Neskaupstaðar. Þeir fluttu Entainer eftir Scott Joplin.



www.tungumalatorg.is/velkomin

Munið eftir að nota Velkomin - á 6 tungumálum!

Smelltu á borðana

Við móttöku nemenda með íslensku sem annað tungumál

Í samskiptum við nemendur með íslensku sem annað tungumál

Á fundum með foreldrum nemenda með íslensku sem annað tungumál

Á skapandi og skemmtilegan hátt með öllum nemendum

Skoðið verðlaunaverkefni Hraunvallaskóla!



Velkomin verkefnið hlaut Evrópumerkið (European Label), viðurkenningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir nýbreytni í tungumálanámi og tungumálakennslu.



ÚTIVIST

**Gönguferðin þín
er á utivist.is**

„Starfsfólk á öllum skólastigum telur sig fá ófullnægjandi stuðning við að vinna að framgangi stefnunnar í daglegri önn skólastarfsins og sú skoðun er almenn að vinnubrögð í samræmi við stefnu um menntun án aðgreiningar hafi hvorki náð mikilli útbreiðslu né orðið föst venja í skólastarfinu,” segir í grein Aðalheiðar.

SKÓLI OG MENNTUN FYRIR ALLA

Fyrir skömmu komu út niðurstöður mikillar úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Hér er fjallað um bakgrunn og framkvæmd úttektar, og helstu niðurstöður og tillögur um æskilegar ráðstafanir til að styðja við framkvæmd stefnunnar og þróun íslensks menntakerfis. Ítarlegar upplýsingar um úttektina eru á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Bakgrunnur og framkvæmd

Úttektin á sér bakgrunn í því mati starfshóps á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar á grunnskólastigi (maí 2015) að þörf væri á enn frekari greiningu á stöðu, framkvæmd og áhrifum stefnunnar á skólastarf, líðan og árangur nemenda. Í kjölfarið leitaði menntamálaráðuneytið til Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir um að gera úttekt á framkvæmd stefnunnar á Íslandi og undirrituð var yfirlýsing ráðuneytis og eftirtalinna aðila um samstarf vegna þessa: velferðarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga,



Mikilvægt er að fylgja niðurstöðum úttektarinnar vel eftir með víðtæku samstarfi. Stýrihópurinn sem menntamálaráðuneytið hefur lagt til að koma á fót gefur fyrirheit um það.

greining byggði á þessum viðmiðum og vísbendingum, og var byggt á þrjúþættum gögnum. Í fyrsta lagi upplýsingum um stöðu innleiðingar menntastefnu um skóla án aðgreiningar í skólakerfinu með samanburði við önnur lönd, í öðru lagi vettvangsathugunarinnar í einstökum landshlutum með rýnihópum, skólaheimsóknunum og viðtölum og í þriðja lagi viðhorfskönnunum sem lagðar voru fyrir foreldra og starfsfólk skóla.

Styrkleikar og vankantar

Greining Evrópumíðstöðvar á gögnunum leiddi í ljós ýmsa vankanta á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar í skólakerfinu en líka styrkleika sem mikilvægt er að nýta í umbótaferli.

Í lokaskýrslunni eru niðurstöðurnar settar fram í sjö meginköflum og fjallað um hvert þeirra sjö viðmiða og flokka vísbendinga sem lagðar voru til grundvallar í úttektinni og sem lýsa umbótamálum í skólakerfinu sem vinna þurfi að.

Styrkleikar koma meðal annars fram í þeirri afstöðu að gildandi löggjöf og menntastefna myndi sterkan grunn og feli í sér stuðning við markmið og áherslur skólakerfis án aðgreiningar sem séu í samræmi við alþjóðasáttmála um réttindi barna og ungmenna sem Ísland hefur undirgengist. Samstaða er um þessi markmið og áherslur meðal flestra þeirra sem sinna menntamálum á öllum stigum skólakerfisins, og að mikilvægt sé að vinna að menntun án aðgreiningar til að auka velferð í samfélaginu.

Einnig er almenn samstaða um mikilvægi þess að skólar hafi svigrúm til að innleiða nýjungar og þróa skólaskilgreiningu og er fagleg starfsþróun starfsfólks skóla talin vera mikilvægasta lyftistöngin til að auka gæði menntunar án aðgreiningar í íslensku skólakerfinu.

Varðandi vankanta á framkvæmd

Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla og Skólameistarafélags Íslands. Þessir aðilar mynduðu samstarfsteymi sem veitti ráðuneyti og Evrópumíðstöðinni ýmsa aðstoð við undirbúning og framkvæmd.

Úttektin fór fram frá hausti 2015 til ársbyrjunar 2017 og snerist um að kanna framkvæmd stefnu íslenskra stjórnvalda á sviði menntunar án aðgreiningar sem náði til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, stofnana sem sjá um fjárveitingar til málaflokksins og allra aðila



Aðalheiður Steingrimsdóttir
varaformaður KÍ

skólastarfs: nemenda, foreldra, starfsfólks skóla, skóla- og stoðþjónustu, rekstraraðila, kennarasamtakanna, háskóla sem mennta kennara og ráðuneyta.

Í upphafi fór fram gagnrýnið sjálfsmat samstarfsaðila um úttektina á stöðu menntunar án

aðgreiningar og var afrakstur þess að mótuð voru sjö áherslusvið, og á grundvelli þeirra voru skilgreind viðmið og vísbendingar sem lýsa umbótamálum í skólakerfinu sem vinna þurfi að. Gagnasöfnun Evrópumíðstöðvarinnar vegna úttektarinnar og

stefnunnar er áberandi mismunandi skilningur á hugtakinu menntun án aðgreiningar bæði á einstökum skólastigum og milli skólastiga og almenn þörf er fyrir að skýra þurfi betur bæði hugtakið sjálft og hvernig standa eigi að framkvæmd menntunar án aðgreiningar, að veita þurfi leiðsögn við að fella stefnuna inn í áætlanir skóla og sveitarfélaga og hrinda þeim í framkvæmd og hvernig haga skuli eftirliti og mati á árangri í samræmi við landslög og stefnu stjórnvalda.

Starfsfólk á öllum skólastigum telur sig fá ófullnægjandi stuðning við að vinna að framgangi stefnunnar í daglegri önn skólastarfsins og sú skoðun er almenn að vinnubrögð í samræmi við stefnu um menntun án aðgreiningar hafi hvorki náð mikilli útbreiðslu né orðið föst venja í skólastarfinu.

Þá telja flestir þeirra sem sinna menntamálum á öllum skólastigum núverandi tilhögun fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár hvorki taka mið af jafnræðissjónarmiðum né hugmyndum um skilvirkni og styðji ekki við skóla án aðgreiningar.

Og margir eru þeirrar skoðunar að grunnmenntun kennara og tækifæri starfsfólks skóla til faglegrar starfsþróunar styðji ekki með fullnægjandi hætti við innleiðingu stefnu um skóla án aðgreiningar og rétt allra barna og ungmenna til menntunar og farsældar.

Megintillögur og forgangsaðgerðir

Í lokaskýrslunni eru lagðar fram sjö megin-tillögur um æskilegar ráðstafanir til að styðja við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar og þróun íslensks menntakerfis, ein fyrir hvert þeirra sjö viðmiða sem lágu til grundvallar úttektinni og sem lýsa umbótamálum í skólakerfinu sem vinna þurfi að. Að baki hverri tillögu eru ákveðnar aðgerðir sem Evrópumíðstöðin telur vera nauðsynlegar til að tryggja að skilgreind viðmið festist í sessi sem þættir í stefnu og framkvæmd.

Skipta má tillögum í þrjá meginflokkka. Í fyrsta lagi að ræða þurfi í skólum, sveitarfélögum og á landsvísu um þá gerð skóla og lærdómssamfélags sem æskilegt er að stefna að og hvernig það verði sem best gert, og með hliðsjón af þeim niðurstöðum þurfi að tryggja að löggjöf og stefna um menntun án aðgreiningar á öllum skólastigum gangi út frá rétti allra barna og ungmenna til menntunar, fjölbreytt tækifæri til náms og virka þátttöku,

og að festa þurfi skipulag í sessi á öllum skólastigum sem stuðli að árangursríki framkvæmd.

Í öðru lagi þurfi að endurskoða allt fjárveitingakerfið frá grunni og þar á meðal núverandi aðferðir sem ganga út á að flokka nemendur í samræmi við greinda þörf, og að tryggja þurfi nemendum og fjölskyldum þeirra lágmarksstuðning óháð búsetu og skólasókn til að vinna gegn ójöfnu aðgengi að námi og námsaðstöðu.

Í þriðja lagi að byggja þurfi upp námsleiðir fyrir fagfólk, bæði í grunnmenntun og faglegri starfsþróun með hliðsjón af stefnu og áætlunum stjórnvalda á sviði skólaþróunar, að setja þurfi reglur um lágmarksþjónustu, til leiðbeiningar fyrir þá sem sinna menntun og þjálfun á þessu sviði, og að styðja þurfi við störf starfsfólks í daglegri önn skólastarfsins, ígrundun og uppbyggingu lærdómssamfélaga á öllum skólastigum með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi.

Við höfum í höndunum gagnlegan grunn til að standa á og efnivið til að þróa málin áfram

Evrópumíðstöðin leggur til að byrjað verði á þremur forgangsaðgerðum sem eru skilgreindar sem mikilvægar lyftistangir og nauðsynlegur grunnur frekari vinnu að þeim umbótamálum sem úttektin leiddi í ljós að ráðast þurfi í. Þessar forgangsaðgerðir og lyftistangir eru:

Umræður í skólum, sveitarfélögum og á landsvísu um hvernig best verði staðið að menntun án aðgreiningar.

Athugun og endurskoðun á núverandi reglum um fjármögnun með það fyrir augum að auka árangur og hagkvæmni.

Umræður með það að markmiði að sameinast um reglur um lágmarksþjónustu til stuðnings við menntun án aðgreiningar í öllum skólum og sveitarfélögum.

Hvað svo?

Mikilvægt er að fylgja niðurstöðum úttektarinnar vel eftir með víðtæku samstarfi. Stýrihópurinn sem menntamálaráðuneytið hefur lagt til að koma á fót gefur fyrirheit

um það. Í hópnum eru þeir aðilar sem áttu samstarf um undirbúning og framkvæmd úttektarinnar og þegar ráðherra fékk loka-skýrsluna afhenta var gengið frá samstarfs-yfirlýsingu þeirra um að fylgja henni eftir.

Lengi hefur verið rætt og ritað af kappi um skóla án aðgreiningar og við höfum í sann ekki komist mikið áfram með það hvernig hlutirnir þurfi að vera. Það var löngu tímabært að óháður aðili væri fenginn til að gera úttekt af þessu tagi. Styrkur hennar felst í því að byggt er á skoðunum þeirra sem koma að og starfa í skólakerfinu og samstarfi um framkvæmdina.

Við höfum í höndunum gagnlegan grunn til að standa á og efnivið til að þróa málin áfram, og það er afar mikilvægt að við göngum út frá styrkleikum skólakerfisins sem úttektin sýnir að samstaða er um, í starfi við að ráða bót á vanköntunum.

Við þurfum að leggja marga hluti vel niður fyrir okkur, og er nærtækast að benda á þessar forgangsaðgerðir og lyftistangir sem Evrópumíðstöðin leggur til að byrjað verði á.

Hvernig þurfum við að haga umræðum um hvernig best verði staðið að menntun án aðgreiningar og skapa samstöðu um helstu áhersluatriði? Hvaða þættir skipta mestu máli í sambandi við uppstokkun á fjárveitingareglunum þegar hugsað er um hagsmuni og þarfir barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra? Og hvernig þurfum við að standa að umræðum um reglur um lágmarksþjónustu við nemendur og skóla til að styðja við menntun án aðgreiningar og móta samstöðu um þær? Í þessu sambandi er ástæða til að undirstrika sérstaklega þá niðurstöðu úttektarinnar að fagleg starfsþróun starfsfólks skóla sé að öllum líkindum mikilvægasta lyftistöngin til að auka gæði menntunar án aðgreiningar. Það er lyklatríði að niðurstöðum um faglega starfsþróun og stuðning við starfsfólk í daglegri önn skólastarfsins verði fylgt vel eftir og að þeim verði vísað til samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda sem er hinn rétti vettvangur fyrir úrvinnslu á þeim.

Við sem störfum í skólum landsins höfum ríka ábyrgð sem fagstétt að taka virkan þátt í umræðum sem þurfa að fara fram um þessi brýnu menntapolítísku mál og hafa áhrif til hagsbóta fyrir skólastarf, menntun og farsæld allra barna og ungmenna þessa lands, almenna skólakerfið og samfélagið.

HAFIÐ ÞIÐ KÍKT Í HÖNNUHÚS?

Á vefsíðunni hönnuhús.is er hægt að heimsækja Hönnu og fjölskyldu hennar. Í dag er fjölskyldan að þrifa heimilið og mamma hennar segir við hana: „Ekki vera fyrir, Hanna, það getur verið hættulegt að þrifa heimilið.“ Hönnu leiðist en fær skyndilega hugmynd. „Ég ætla að komast að því hvers vegna það getur verið hættulegt að þrifa heimilið!“ Hún grípur myndavélina sína, fer um húsið og tekur myndir af fjölskyldunni að þrifa.

Huldar hættur á heimili Hönnu er skemmtilegt og einfalt kennsluefni á netinu. Um er að ræða vefsíðu (www.honnuhus.is) sem er öllum aðgengileg. Kennsluefnið er hugsað fyrir nemendur í þriðja til sjöunda bekk í grunnskóla. Tilgangur efnisins er að vekja nemendur til umhugsunar um hættuleg efni og tryggja örugga notkun þeirra. Markmiðið er að nemendur átti sig á þeim mismunandi hættum sem geta stafað af efnavörum. Í Hönnuhúsi geta nemendur ferðast um á heimili Hönnu og kynnst um leið efnavörum sem eru algengar á heimilum og lært um hættumerkingar á þeim.

Ýmsar efnavörur finnast á heimilinu sem börn geta komist í návígi við. Þetta geta verið efnavörur á borð við hreinsiefni, stíflueyði, grillvökva, viðarvörn og fleira. Alvarlegur augnskaði, skaði á húð eða eitranir eru dæmi um skaða sem börn geta orðið fyrir. Það er því nauðsynlegt að fræða börn um mögulegar hættur til að minnka líkurnar á slysum. Ef farið er varlega og efnin notuð á réttan og öruggan hátt er ekkert að óttast.


Nemendur fá að fylgjast með Hönnu þegar hún er að taka myndir af fjölskyldunni að þrifa heimilið. Nemendur glíma við spurningar til að athuga hvort þeir viti réttu svörin varðandi hættur sem geta leynst heima. Í Hönnuhúsi er farið í gegnum mismunandi tilvik þar sem fjölskyldumeðlimir eru við ýmis heimilisstörf og notast er við efnavörur sem getur reynst varasöm ef hún er ekki notuð á réttan og öruggan hátt. Nemendur eru spurðir um varúðarráðstafanir við notkun efnavara og einnig hvaða hættumerki finnast á ýmsum vörum og hvað þau þýða.

Á vefsíðunni má finna upplýsingar um hættumerkin ásamt leiðbeiningum



fyrir kennara um kennsluefni, en það gæti hentað vel fyrir kennslu í raunvísindum eða lífsleikni. Huldar hættur á heimili Hönnu er samnorraent verkefni þróað í samvinnu fimm Norðurlanda: Íslands, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Finnlands, með styrk frá Norrænu

ráðherranefndinni. Nú er verið að vinna að uppfærslum og viðbótum við kennsluefnið sem munu bæta við vefsíðuna von bráðar. Þar er um að ræða meira kennsluefni, t.d. vísindagreinar fyrir eldri aldurshópinn. Hægt er að hafa samband við Umhverfisstofnun ef óskað er eftir frekari upplýsingum um Hönnuhús.



Helga Ösp Jónsdóttir

sérfræðingur, fyrir hönd Umhverfisstofnunar.



FARARSNIÐ

Menningar- og mannlífsferðir

Fararsnið sérhæfir sig í ferðum á:

- Education Show í Birmingham, 16. - 18. mars 2017
- Fyrirlestra- og skólaheimsóknir um Evrópu



Fararsnið ehf.
Lundi 17,
200 Kópavogi

S. 696 6616
jonkarl@fararsnid.is
www.fararsnid.is

Aðalheiður aðstoðar fimm ára fiðlunemandann Hallgrím við að koma sér í réttar stellingar áður en hann spilar lagið sitt.



NÝTT BARN, NÝR KARAKTER, NÝ ÁSKORUN

Steinunn Stefánsdóttir skrifar.

Aðalheiður Matthíasdóttir kenndi fyrst á fiðlu í Tónskóla Sigursveins fyrir meira en 30 árum. Nú hefur hún bráðum starfað þar samfellt í 25 ár.

Það eru nemendatónleikar hjá Suzuki-nemendum Aðalheiðar Matthíasdóttur fiðlukkennara við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar við Engjateig. Nemendurnir ganga fram, hver á fætur öðrum og leika lagið sem þau hafa æft. Aðalheiður fylgir hverjum og einum úr hlaði með því að aðstoða þau við að standa rétt og halda fallega á fiðlunni. Hún kynnir nemandann, dregur athyglina til dæmis að því að verið sé að leika á nýja fiðlu og svo er alltaf hægt að bæta við örlitlum fróðleik um tónskáldin. Allt er þetta gert af lifandi áhuga og óendanlegri hlýju. Öllum líður vel, börnunum, foreldrunum og öðrum tónleikagestum.

Og þetta er sannarlega ekki í fyrsta eða annað sinn sem Aðalheiður stendur fyrir svona tónleikum. Það eru nefnilega rúmlega 30 ár síðan hún kenndi fyrst í Tónskóla Sigursveins og bráðum 25 ár síðan hún hóf þar kennslu að loknu námi sínu.

Ætlaði sér eitthvað allt annað

Þegar gengið var á fund Aðalheiðar, eða Heiðu eins og hún er oftast kölluð, nokkrum vikum eftir þessa tónleika snerist fyrsta spurningin um aðdragandann að því að hún varð tónlistarkennari. „Þetta gerðist eiginlega af sjálfu sér,“ svarar hún strax. „Þetta byrjaði bara á Akureyri þegar ég var í menntaskóla. Þá var Lilja Hjaltadóttir, fiðlukkennarinn minn, í barnsburðarleyfi og munstraði mig í að hjálpa sér með yngstu nemendurnum og það má eiginlega segja að eftir það hafi ekki verið aftur snúið. En ég ætlaði mér svosum aldrei þessa leið, ég ætlaði mér einhverja allt aðra leið.“

Aðalheiður hóf tónlistarnám sex ára gömul en fiðlan varð ekki hljóðfærið hennar fyrr en hún var orðin ellefu ára. „Mig langaði að læra á píanó en það var ekki til píanó heima en það var laust á fiðlu og eftir eitt ár

þá vildi ég ekkert skipta,“ segir Aðalheiður og bætir svo við hugsandi, og er enn með hugann við það hvort og þá hvenær hún hafi ákveðið að verða fiðlukkennari: „Þetta var aldrei meðvituð ákvörðun. Það kemur til manns og ef manni líður vel með það þá flýtur maður með.“

Eftir stúdentspróf var Aðalheiður einn vetur áfram fyrir norðan til að reyna að átta sig á hvað hún vildi verða þegar hún yrði stór, eins og hún orðar það sjálf, en haustið eftir fór hún suður í Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan fiðlukkennarapróf þremur árum síðar. „Og þá var þetta nú ákveðið,“ segir hún brosandí.

Með fram kennaranáminu kenndi Aðalheiður bæði í Tónskóla Sigursveins og í Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins en á þessum árum var tónlistarkennsla samkvæmt hugmyndafræði Japanans Shinichi Suzukis að stíga sín fyrstu spor hér á landi. „Ég var með eiginlega alveg frá upphafi í Suzukikennslu hér á Íslandi, ég er ein af þessum gömlu,“ segir Heiða hlæjandi og bætir við: „Þá varð það ljóst, að mig langaði að verða Suzukikennari.“

Valdi að fara til lands sem hún hafði aldrei komið til

Þegar Aðalheiður hafði tekið ákvörðun um að hún vildi skoða Suzuki-kennsluna betur fór hún á sumarnámskeið Evrópska Suzukisambandsins sem var haldið í Svíþjóð. „Þar valdi ég mér tvo kennara sem mér fannst að ég gæti hugsað mér að læra hjá og Christophe var bara fljótari að svara mér,“ segir hún hlæjandi og er þarna að vísa til Christophe Bossuat sem átti eftir að verða kennarinn hennar í Lyon í Frakklandi. „Mér fannst líka svolítið skemmtilegt að fara til lands sem ég hafði aldrei komið til og ég talaði alls ekki tungumálið þannig að þetta var áskorun á annan máta líka. Og þá var ekki aftur snúið, ég var bara búin að ákveða þetta.“

Í fyrstu lotu var Heiða í Frakklandi í sjö mánuði. „Þá átti ég kærasta á Íslandi svo ég kom heim og var heima í eitt ár, og það var mjög gott. Ég var búin að taka fyrstu tvö stigin í Suzukikennaranáminu og gat prófað hvort þetta væri að virka hjá mér.“ Og þetta virkaði svo Heiða og kærastinn héldu til Lyon og voru þar í þrjú ár. Árið 1993 kemur hún svo heim frá námi og fer að kenna í Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins.

Gleðin í hvunndegnum

Þegar Aðalheiður er beðin að reyna að útskýra það með orðum hvernig hún fari að því að vera alltaf svona gefandi í kennslunni, og eiginlega eins og hún sé alltaf ný og fersk, svarar hún með spurningu:

„Felst þetta ekki bara í lífsviðhorfinu, hver grunnurinn er, ég veit það ekki, ég vona að ég hafi tamið mér að vera frekar glöð heldur en fúl,“ segir hún og brosir aldeilis ófúl og heldur svo áfram: „Ég tel að það sé mjög mikilvægur grunnþáttur í lífi hvers manns, að finna gleðina í hvunndegnum og svo eru það náttúrulega þessi dásamlegu börn, maður er alltaf að fást við frumkraftinn. Þau eru svo gefandi, þau eru hvert með sínu sniði, nýtt barn, nýr karakter, ný áskorun.“

„Það eru forréttindi að fá að fylgjast með börnunum, maður er farinn að þekkja þau svo vel og sér þau vaxa og dafna. Svo koma tvær vikur, eins og páskafríð núna, og þau koma aftur og sum hafa stækkað og sum hafa þroskast þannig að það þarf að laga kennsluna að því, maður verður nefnilega alltaf að vera tilbúinn til að fara til þeirra, mæta þeim, þar sem þau eru, og það er einmitt það sem mér finnst svo ótrúlega gaman.“

Vinnutíminn

„Eigum við að segja að það sé fórn, ég veit það ekki, ég held að ég geti ekki litið þannig á, þá er maður farinn að leika fórnarlamb. En þetta var auðvitað ekkert gaman þegar ég var með lítil börn sjálf. Á hinn bóginn var ég svo heppin að þegar ég var að vinna þá var pabbi þeirra oft heima þannig að þetta kom oft á tíðum bara ágætlega út. En vissulega voru ekki margar stundir sem við vorum öll saman.“

Aðalheiður er þó á þeirri skoðun að betra væri að fella tónlistarnámið meira inn í hefðbundinn skóladag og hún lítur ekki svo á að það sé óframkvæmanlegt í Suzuki-aðferðinni þar sem foreldrarnir eru virkir þátttakendur í tónlistartímum.

„Ég held að þetta snúist fyrst og fremst um forgangsroðun. Foreldrar þurfa til dæmis stundum að taka matartímann sinn á öðrum tíma en vanalega til að sinna tónlistinni. Þetta tímabil í lífi okkar þegar börnin eru svona ung og þarfnast okkar með er stutt og ótrúlega fljótt að líða. En auðvitað er þetta lífsviðhorf, eða lífsstíll.“



Aðalheiður ásamt nemendum sínum á Svæðistónleikum Nótunnar sem fram fóru í Grafarvogskirkju í mars síðastliðnum.

Eitthvað sem fjölskyldan getur sameinast um

Aðalheiður var næst spurð um það hvað það væri sem heillaði hana svona mikið við Suzukiaðferðina. „Ætli það sé ekki margþætt hugmyndafræðin sem liggur að baki. Grunnhugmynd Suzukis um að allir geti lært, allir hafi hæfileika er mjög mikilvæg. Hræðilegar aðstæður eftir síðari styrjöldina þegar Japan var í sárnum og fjölskyldurnar sundraðar höfðu áhrif á hann. Hann fann þarna að tónlistin gat verið einhvers konar sameiningartákn og notaði hana til að byggja upp fjölskyldur og samfélag. Hann vissi að heilbrigð fjölskylda væri grunnur sérhvers samfélags, tónlistin er bæði tækið sem við notum og ávöxturinn sem við njótum. Og svo eru allir velkomnir.“

Aðalheiður leggur mikla áherslu á einmitt þetta, að tónlistarnám sé bæði fyrir þá sem ætla að leggja fyrir sig tónlist og

hina sem ætla ekki að gera það: „Það sem þú lærir í gegnum tónlistina er eitthvað sem þú tekur með þér hvert sem þú ferð. Ég held að það hafi verið þetta sem heillaði mig mest. Ég held líka að á Íslandi í dag sé mjög mikilvægt að fólk finni eitthvað sem fjölskyldan getur sameinast um.“

Gæti hugsað sér að kenna til áttæðs

Auðvitað er Aðalheiður, eftir öll þessi ár, farin að kenna annarri kynslóð. „Ég kenni til dæmis dóttur fyrsta Suzukinemandans míns, hún var ein af fyrstu Suzuki-nemendum hér við skólann og auðvitað er það góð tilfinning að fólk vilji koma aftur, mjög góð tilfinning.“

Og Heiða er síst af öllu á þeim buxunum að hætta að vera fiðlukennari: „Ég gæti alveg hugsað mér að kenna hér til áttæðs ef það mætti,“ segir hún með sínu hlýlega og fallega brosi.



LÍTIL SAGA AF SUZUKI

Suzuki var alltaf með gríðarlega marga nemendur og einhvern tíma er hann mjög hugsí frammi á gangi í tónlistarskólanum og samkennari hans gengur fram á hann og spyr hann hvað hann sér að gera, hvort hann eigi ekki að vera að kenna. „Jú, jú, ég er bara að koma mér á þriggja ára stigið.“

Pátttakendur á námskeiði Systime í Norræna húsinu í aprílbyrjun.



NY LEIÐ Í KENNSLU- BÓKAÚTGÁFU

Prentaðar bækur, rafbækur eða margmiðlunarbækur úr sama gagnagrunni.

Tveir íslenskir útgefendur, ásamt útgefendum í Færeyjum og á Grænlandi, taka nú þátt í tilraunaverkefni með dönsku kennslubókaútgáfunni Systime. Í aprílbyrjun var haldinn kynningarfundur og námskeið um verkefnið sem miðar að því að kanna hvernig þessi danska útgáfuleið henti í löndunum þremur.

Yfir 50 þúsund kennarar og 450 þúsund nemendur í Danmörku nota nú kennslubækur í gegnum kerfi Systime sem hefur verið í þróun síðan 2008. Kerfi þeirra er gagnagrunnur sem keyrt getur út kennslugögn hvort heldur sem margmiðlunarbækur í vafra, hefðbundnar rafbækur, pdf-skjöl eða sem prentaðar bækur. Eitt útilokar ekki annað því efnið er sett upp með alla möguleikana í huga. Enska heitið yfir þetta útgáfuform er Single Source Publishing, eða SSP.

Skólafólk í Danmörku hefur tekið þessum möguleika vel. Yfir 65 skólar eru í áskrift hjá Systime og nota aðeins kennslubækur þaðan, en fjölmargir skólar kaupa einnig staka titla af fyrirtækinu.

Systime hefur þegar gefið út 350 kennslubækur með þessum hætti en hátt í 100 titlar til viðbótar eru í vinnslu hjá þeim.

Höfundar á þeirra vegum eru orðnir átta hundruð.

Von er á fyrstu íslensku kennslubókunum sem settar eru upp í Systime-kerfinu strax í haust hjá Forlaginu og IÐNÚ. „Ef þessi útgáfuleið hentar íslensku skólafólki vel gæti það leyst fjölmörg vandamál sem blasa við kennslubókaútgáfunni á öllum skólastigum,“ segir Laufey Leifsdóttir, ritstjóri hjá Forlaginu, sem fylgt hefur samstarfsverkefninu frá því það fór af stað árið 2015. „Við erum virkilega spennt að sjá

hvernig viðtökurnar verða þegar bækurnar fara í loftið. Þetta kerfi hefur marga kosti, ekki síst að það verndar höfundarrétt námsfnisins og gerir okkur kleift að uppfæra og endurraða efninu og sérsníða það fyrir mismunandi notkun. En þessi leið gerir líka meiri kröfur til bæði útgefenda og höfunda. Það er bara ein leið til að komast að því hvernig þetta virkar hér á landi og það er að prófa.“

Nánari upplýsingar um kerfi Systime má finna á <https://systeme.dk>.



Netsöfnun býður upp á hentugar og einfaldar fjáröflunarleiðir fyrir félagasamtök og einstaklinga. Fjölbreytt vöruúrval og aðgengilegt viðmót.

Fjáröflun á Netsofnun.is skilar árangri

Takk hreinlæti er með mikið úrval áhaldna og búnaðar til hreingerninga.

Hreinlega allt fyrir þriffin

Tuskur, klútar, vagnar, moppur ofl.

KENNUM KENNURUM KYNJA- OG JAFNRÉTTIS- FRÆÐI!

Á nýafstöðnu málþingi kynjafræðinemenda og kennara í Borgarholtsskóla voru nemendur í pallborðsumræðum einhuga um að kynjafræði ætti að vera skyldufag í framhaldsskóla – og jafnvel grunnskóla. Ætli það sé ekki einsdæmi að nemendur geri sér far um að „agítera“ fyrir því að tiltekið fag verði gert að skyldu? Það eru sannarlega hundruð nemenda í kynjafræði sem hafa hvatt til þess bæði í ræðu og riti, auk annarra sem hafa lagt málefnum lið svo sem háskólakennara, Kvenréttindafélagsins, ýmissa feministafélaga og fleiri. Hluti af rökstuðningnum fyrir því að kynjafræði ætti að vera skyldufag snýst um að það muni ekki nást jafnrétti í samfélaginu án þess að menntakerfið í heild sinni verði virkur aðili í því starfi.

Skólakerfið er hluti af vandanum, því þar er staðalmyndum og ranghugmyndum oft viðhaldið með ómeðvitaðri hlutdrægni, en þó líka hluti af lausninni. Því er nauðsynlegt að vekja hvern og einn kennara til vitundar um jafnréttismál – á ígrundaðan og vandaðan hátt þar sem kynjakerfið, mismunur, kvenfyrirlitning, fórnarkostnaður karlmennskunnar, kynskiptur vinnumarkaður, hefðbundin kynhlutverk og annað sem varðar jafnréttismál – er sett í samhengi. Allir kennarar þurfa að öðlast skilning á því hvernig ójafnréttið birtist í samfélaginu og í samskiptum – og verða þannig næmir á hvernig mismunur er viðhaldið og fá þjálfun og þekkingu til þess að bregðast við og fræða.

Jafnréttisfræðsla í skóla-kerfinu þarf að vera bein og óbein. Nemendur þurfa að fá beina fræðslu, þar sem farið er í birtingarmyndir ójafnréttis og þær settar í samhengi. Auk þess þarf hver og einn kennari að vera meðvitaður um að hann sé ekki að viðhalda staðalmyndum og ranghugmyndum í



Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari og fulltrúi í jafnréttisefnd KÍ.



samskiptum sínum, námsgögnum eða aðgerðaleyfi. Jafnrétti þarf að vera kerfisbundið og altækt í skólum.

Skólar þurfa að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum sínum ákvörðunum og starfi; félagslífi nemenda, stjórnun skólastofnana, viðmóti, andrúmslofti og skólamenningu. Kennarar eiga að vera leiðandi afl í jafnréttisstarfi í skólum og til þess að svo verði þurfa allir kennarar að fá heildstæða jafnréttisfræðslu.

Jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands hefur skorað á stjórnendur í öllum menntastofnunum á öllum skólastigum að sinna jafnréttisfræðslu. Því hefur verið vel tekið og margt gott starf fer fram víða í skólunum. En forsenda fyrir því að jafnrétti verði rauður þráður í skólastarfi á Íslandi er að kennarar hafi forsendur til að taka virkan þátt í því starfi. Kynja- og jafnréttisfræðum alla kennara á öllum skólastigum og setjum þannig kraft í að samfélagið okkar verði byggt á jafnrétti – til heilla fyrir alla.

AÐ PISSA Í SKÓINN SINN

Nú berast enn á ný fréttir af hagræðingu og sparnaði innan framhaldsskólans. Enn er sungið gamla stefið um sparnað og aðhald og þannig hoggð í grunnstoðir samfélagsins. Framhaldsskólinn hefur búið við viðvarandi fjársvelti í gegnum góðæri og kreppur. Það virðist sama hvað fiskast í íslensku hagkerfi, menntun þjóðarinnar má alltaf sitja á hakanum. Rörsýn þeirra sem fara fyrir menntamálunum virðist vera að hugsa í kjörtímabilum og aldrei fram yfir næstu kosningar.

Íslendingar verja minna fé en flestar OECD-þjóðir til framhaldsskólans og þrátt fyrir það þótti rétt að herða sultarólina enn frekar á síðasta kjörtímabili með skerðingum á innihaldi náms innan framhaldsskólanna



Guðríður Arnardóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara

og styttingu námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú. Sú stytting fól í sér skerðingu sem auðvitað skilar sér í því að íslenskir stúdentar eru verr undirbúnir en áður fyrir lífið og fyrir frekara nám.

Samhliða skerðingunni var ákveðið að úthýsa nemendum yfir 25 ára aldri, nemendum sem margir hverjir standa höllum fæti

félagslega, og eru með brotið bakland og aðrar aðstæður sem gerðu það að verkum að þeim tókst ekki að ljúka námi í framhaldsskóla á settum tíma. Nú getur þessi hópur ekki gengið lengur að námi í framhaldsskóla sem vísu og hans biða einungis fáein og mun dýrari úrræði vilji hann ganga menntaveginum.

Fögur fyrirheit um baráttu gegn

brottfalli eru ekki pappírsins virði ef engir fjármunir fylgja þeim. Langflestir sem falla frá námi í framhaldsskóla glíma við misalvarleg félagsleg vandamál eða búa við sértæka námsörðugleika. Stuðningur við þessa nemendur kallar auðvitað á frekari sérfræðiþjónustu innan framhaldsskólans en þar þarf að fjölga í þeim teyrum sem halda utan um aðra þætti en námið sjálft.

Og nú þegar ný ríkisstjórn leggur fram stefnumótun sína fyrir núverandi kjörtímabil er nákvæmlega ekkert á dagskrá annað en frekara aðhald og sparnaður.

Hverju mun slíkt skila?

Menntun er nefnilega fjárfesting. Fjárfesting þjóðar til framtíðar. Bóndinn sem étur útsæðið sitt verður saddur um stund – en svangur þegar engin verður uppskeran.

NOTAÐ FÆR NÝTT HLUTVERK FRÆÐSLA HJÁ SORPU

SORPA býður fræðslu- og vettvangsferðir fyrir nemendur á öllum aldri. Fræðslan tekur mið af þörfum hópsins og er boðið upp á mismunandi leiðir.

- Fyrirlestur og vettvangsferðir nemenda í móttökustöð SORPU í Gufunesi.
- Vettvangsferðir nemenda á endurvinnslustöð.
- Ráðgjöf og fræðsla í skólann fyrir nemendur og starfsfólk.

Í fræðslunni er lögð áhersla á umhverfisávinninginn sem felst í því að draga úr úrgangi og flokka og skila til endurnýtingar. Hinir ýmsu hlutir geta öðlast framhaldslíf, í höndum nýrra eigenda eða sem nýjar vörur, ef við flokkum rétt.



Nánari upplýsingar um fræðsluna og pantanir, er að finna á sorpa.is

SORPA

KANN VEL VIÐ BIRTUNA OG GARÐASTÚSS SUMARSINS

Ingileif Ástvaldsdóttir segir fátt betra en að skíða niður brekku í geggjúðu færi og góðu veðri. Ingileif er í tveimur saumaklúbbum, leshring og klúbbi kennslukvenna.

HVER: Skólastjóri Þelamerkurskóla í Hörgárdal og varaformaður Skólastjóraráfélags Íslands.

Hvað er efst á baugi hjá Skólastjóraráföginu þessa dagana? Við áformum við vinnufund með formönnum svæðafélaga og nefndarfolki okkar í haust. Þann sama dag er ætlunin að vera með málþing þar sem fjallað verður um íslenskar rannsóknir á störfum skólastjórnenda og kennslufræðilega forystu í daglegu starfi þeirra. Í september tókum við, ásamt FSL á móti kollegum okkar frá hinum Norðurlöndunum á árlegum fundi NLS Ledarfor- um. Umfjöllunarefni þess fundar verður kennslufræðileg forysta og skóli 21. aldarinnar. Svo erum við farin að huga að árlegri námstefnu félagsins og aðalfundi sem haldin verða í Reykjavík í október.

Hvernig leggst vor og sumar í þig? Vor og sumar leggjast alltaf vel í mig. Ég kann vel við birtuna, ylinn og garðastússið sem fylgja þessum árstíma.

Ætlarðu að ganga á fjall í sumar? Já, þetta sumar verður engin undantekning á því. Nú þegar hef ég merkt tvær göngu- ferðir inn á dagatalið mitt. Önnur er um Hornstrandir og hin um Laugavegin.

Í hvaða klúbbum ertu? Ég er í tveimur saumaklúbbum sem hittast reglulega. Annar segist vera bútasaumsklúbbur og kennir sig við Húsabakka. Hinn er venju- legur saumaklúbbur kvenna sem tóku mig að sér þegar ég flutti til Dalvíkur á sínum tíma. Svo er ég formlega í leshring um menntamál og í klúbbi kennslukvenna.

Hvaða bók er á náttborðinu? Þær eru margar, eiginlega tveir staflar og sá þriðji í Ipadinum og símanum. Ég hef nýlega



lokið við Ör eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Svartalogn eftir Kristínu Marju Baldurs- dóttur er efst í bunkanum núna og það sem ég tala um þegar ég tala um hlaup eftir Murakami. Í Ipadinum er ég að hlusta á The Nightingale eftir Kristin Hannah. Í símanum var ég að ljúka við að hlusta á og lesa á víxl bókina Hacking Education. 10 quick fixes for every school eftir Mark Barnes og Jennifer Gonzalez. Hún er hagnýt og það er hægt að koma mörgu af því sem þar er kynnt strax í verk og án mikillar fyrirhafnar.

Uppáhaldsfagið þitt í grunnskóla? Móð- urmál. Skemmtilegast fannst mér samt þegar kennarinn las fyrir okkur á meðan við æfðum formskrift.

Hundur eða köttur? Kisa. Ein sérlunduð býr hjá okkur núna sem við köllum Ingveldi fagurkinn. Hún eltir mig í skól- ann á morgnana og krummarnir sem við öllum á matarafgöngum fylgja okkur.

Hvað gerirðu á laugardagsmorgnum? Fer hægt og snemma á fætur, borða morgun- matinn rólega, blaða í gegnum Twitter, les eða gríp í handavinnu þar til ég fer út að hlaupa lengstu hlaupaefingu vikunnar.

Hvaða tónlist er best að dansa við? Diskó, auðvitað!


Ef þú mættir taka íslensku þjóðina í kennslustund hvað myndirðu kenna? Ég myndi halda bekkjarfund um réttindi og skyldur okkar við hvert annað og hvað hvert okkar getur lagt af mörkum til að bæta umræðuhefðina.

Hvað er best í heimi? Það toppar fátt að skíða niður brekku í geggjúðu færi og góðu veðri.

Facebook eða Twitter? Twitter. Mæli með sunnudagsmorgni með menntaspjalli og góðu mjólkurkaffi.

SAFT

SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI



FRÆÐSLA OG NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA OG SAFT

8-10. BEKKUR

FORELDRASÁTTMÁLINN

1. STUNDARFRÉTTIÐ ER EKKERT ÖÐRISLAGS. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
2. TÍKA NETTÍÐLA, SMÍÐA OG ÖÐRISLAGS. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
3. SKAFA UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
4. VERA UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
5. UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
6. UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
7. UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
8. UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
9. UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
10. UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
11. UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.
12. UNNIR. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU. ÞU GOTTUÐU OG HÉLFUÐUÐU.

VIÐ FORELDRAR BARNNA Í _____ BEKKI/ÞÓP
SAMÞYKKJUM AÐ VERA VERNISÁTTAKENDUR SKÓLAGANGU BARNNA OKKAR OG VERJA ÖÐR
UNDERSKRIFTIR FORELDRA OG FORSÁÐAMANNNA

Heimili og skóli

ÁTTU
BOKIR
Á DAGI

Læsissáttmáli HEIMILIS OG SKÓLA

1. LÆSUM FYR BARNM OG VERUM FRYGGLYKIR
2. HJALTUM Á BARNM LÆRA
3. VEHÖLDUM OG BRUM FARN
4. HÖFUM LÆSIS AÐMYNGLISGT VAL
5. LÆSUM HJALPAR
6. LÆSUM Á BÖM TUNGUMÁLI

VIÐ FORELDRAR OG KENNARAR BARNNA Í _____ BEKKI/ÞÓP
SAMÞYKKJUM AÐ VERA VERNISÁTTAKENDUR SKÓLAGANGU BARNNA OKKAR OG VERJA AÐ ÖÐRA LÆSIFRÓÐA.
UNDERSKRIFTIR:

NETIÐ MITT


Ókeypis netnámskeið um stafræna borgaravitund og ábyrga netnotkun




FRÆÐSLUEFNI OG ERINDI FYRIR:



Krossgáta



Lausn síðustu krossgátu



Lárétt

1. Æðsti embættismaður á Íslandi á árunum 1873-1904. (13)
6. Helsta borg Púnverja. (7)
10. Vatn fyrir ofan stíflu. (12)
12. Davíð _____, skáld. (10)
13. Viðurlög í handbolta. (8)
14. "Það er lítið hús út við lygnan ____". (6)
15. Land sem heitir Alba á máli frumbyggja þess. (8)
16. Lækningagyðja í Ásatrú. (3)
17. ___ Ingólfisdóttir, fiðluleikari sem fékk heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2017. (3)
18. Franskt sterkt vín unnið úr hvítvínsprugunni Ugni Blanc. (6)
20. _____málmar eru efnaflokkur í 1. flokki lotukerfisins. (6)
21. Japanskt orð yfir samuræja sem hafði mist þann sem hann þjónaði. (5)
23. Dopplerhrif ljóss sem lýsa sér í því að þegar hlutur í geimnum fjarlægist athugandann þá virðist hann rauðleitari. (7)
26. Íslenskt rit um kraftaverk. (12)
29. Borg í Vestur Yorkshire. (5)
30. Árlegur viðauki vaxandi trés. (9)
31. Grunneining í hekli. (7)
32. Þeir hlutar jarðepla sem vaxa á yfirborðinu. (12)

35. Jóí ____, eiturlyfjabarón í Svartur á leik. (4)
37. Das _____, bók eftir Karl Marx. (7)
39. Nafn síðasta þýska páfans. (8)
41. Útgáfa af skáldsögu sem sett er á svið. (8)
42. Sá sem fær ekki á sig nein aðflutningsgjöld. (10)
43. Þjóð sem samanstendur af mörgum þjóðarbrotum m.a. Pastúnur, Hazörum og Úsbekum. (7)
44. Fínkornótt mylsna af hraðkældri bergbráð. (7)

Lóðrétt

1. Níu arma _____ eru notaðar á Hanukkah. (11)
2. Fallnir englar. (7)
3. Atburður sem verður þegar sólin og tunglið liggja í beinni línu séð frá jörðu. (11)
4. 32° F. (9)
5. Forn refsingartæki. (11)
7. "Einu sinni var maður í Úslandi sem Job hét. Hann var _____ og réttlátur, óttaðist Guð og forðaðist illt." (9)
8. Leikrit eftir Jónas og Jón Múla Árnason þar sem lagið Augun þín blá er flutt. (5,5,3)
9. _____ maður hyggur sér alla vera viðhlæjendur vini. (7)

10. Orð sem Ólafur Davíðsson notaði yfir Gísla Guðmundsson (7)
11. Taugapráður sem liggur frá taugabol og flytur taugaboð frá honum til annarrar frumu. (9)
19. Art _____ listastefna sem líka er nefnd jügendstíll. (7)
22. Nafn síðasta rússakeisara (7)
24. Íslenskt heiti ímyndað fyrirbæris lapis philosophorum. (11)
25. Þunnir hálfleiðarar í tölvukubbum. (11)
26. Borg hvers múrar hrundu við lúðrablastur. (6)
27. Riddari Hringborðsins sem varð áfanginn af írskri prinsessu. (7)
28. Land sem á landamæri að Rússlandi, Kína og Suður Kóreu. (6,5)
31. Eining skilgreind sem 9.192.631.770 sveiflur þeirrar rafsegulgeislunar sem örvar frumefnið sesín milli tveggja ákveðinna orkustiga. (7)
33. Ópera eftir Beethoven. (7)
34. Vatnsuppspretta sem inniheldur koltví-sýring. (7)
36. _____ MacGregor, frægur skoskur útlagi sem Walter Scott skrifaði um. (3,3)
38. Danskt orð yfir álegg. (5)
40. Lífrænt efni sem myndast við að alkóhól tengist sýru. (5)



FRÁ
ERASMUS
TIL
ERASMUS+
SAMFERÐA Í
30 ÁR

Erasmus+ fagnar 30 ára afmæli í ár

6.600 Íslendingar hafa farið utan í skiptinám við evrópska háskóla

9.900 Íslendingar hafa tekið þátt í æskulýðssamstarfi

2.200 íslenskir starfsnámsnemar hafa notið stuðnings til náms og starfsþjálfunar í Evrópu

8.400 íslenskir starfsmenn í mennta- og æskulýðsgeiranum hafa farið í heimsóknir til Evrópu

Taktu skrefið og kynntu þér þá möguleika sem standa þér til boða á erasmusplus.is



A-DEILD LSR

eftir 1. júní 2017

Nánari upplýsingar á www.lsr.is



Kynningarfundir um breytingar á A-deild LSR

Allir fundirnir hefjast kl 16:30

Reykjavík Hilton Reykjavík Nordica **10. maí** og **23. maí**
Fundunum verður streymt á heimasíðu LSR

Akureyri Hótel KEA **11. maí**

Ísafjörður Hótel Ísafjörður **15. maí**

Egilsstaðir Hótel Hérað **22. maí**



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is